FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

231. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 3. OKTÓBER 2017



**Hið minnsta 58 voru myrtir og 515 særðir þegar skotárás var gerð frá hóteli í Las Vegas í gær. Árásin er sú mannskæðasta í áratugi í Bandaríkjunum. Lögregla rannsakar nú atburðinn en árásarmaðurinn svipti sig lífi að voðaverkinu loknu. Íslendingar sem voru á staðnum segjast skelkaðir en héldu fyrst að um hvelli frá flugeldum væri að ræða.** - sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Hæst launuðu fengu mestar hækkanir

**Sé litið til krónutöluhækkunar launa frá 2014 til 2016 hækkuðu laun hæstu tekjuhópa sem nemur allt að þrefaldri hækkun lægst launuðu. Verkalýðsforkólfar segja prósentuhækkanir í kjarasamningum auka á misskiptingu. SA telur ákvarðanir Kjararáðs vega þungt.**

**VINNUMARKAÐUR** Laun þeirra sem hæstar hafa tekjurnar hækkuðu mest á milli áranna 2014 og 2016, sama hvort litið er til almenna eða opinbera geirans. Þetta sýna nýjar tölur Hagstofu Íslands um laun landsmanna eftir starfsstéttum.

Sé litið til reglulegra heildarlauna starfsmanna á almennum vinnumarkaði hækkuðu þau að meðaltali úr 552 þúsund krónum í 638 þúsund, eða um 86 þúsund. Lægsta tekjutíundin hefur hins vegar aðeins hækkað um 55 þúsund krónur á meðan sú hæsta hefur hækkað um 126 þúsund krónur. Í prósentum talið hefur sú lægsta aftur á móti hækkað í launum um 17,8 prósent en sú hæsta um 14,8.

Mesti munur á hækkun lægstu og hæstu tekjutíundarinnar er hjá opinberum starfsmönnum ríkisins. Lægstu laun hafa hækkað um 62 þúsund krónur, úr 335 þúsundum í 397 þúsund. Hins vegar hefur hæsta tekjutíundin hækkað um 174 þúsund krónur, farið úr 806 þúsundum í 980 þúsund krónur að meðaltali. Á tímabilinu hækkuðu laun hennar um 21,6 prósent en lægsta tíundin um 18,5 prósent.

> **Lægstu laun opinberra starfsmanna hækkuðu að meðaltali um 62 þúsund á tveimur árum.**

„Prósentuhækkanir eru aflgjafi misskiptingar í okkar þjóðfélagi,“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, og segir tölurnar sýna að prósentuhækkanir í komandi kjarasamningum sé leið ójöfnuðar.

„Það kemur ekki á óvart að hæstu laun hækki meira í krónum talið þar sem hækkun í prósentum hefur hlutfallslega meiri krónutöluáhrif á þann tekjuhóp en lægstu laun,“ segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Hann telur skýringu á þróun hæstu launa í hópi ríkisstarfsmanna liggja fyrst og fremst í ákvörðunum Kjararáðs sem hafi hækkað laun æðstu embættismanna óeðlilega mikið á síðustu misserum.

„Það var okkar upplegg í síðustu kjarasamningum að hækka laun í krónum talið en um það náðist ekki sátt. Meðal annars vildu stórir hópar innan opinberra starfsmanna fara prósentutöluleiðina,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. – sa

## Fá svar í dag um veggjatítluhús

**SKIPULAGSMÁL** Fimm manna fjölskylda í Hafnarfirði bíður niðurstöðu skipulags- og byggingarráðs bæjarfélagsins í dag um hvort hún fái að byggja nýtt draumahús í stað annars sem úrskurðað hefur verið ónýtt sökum veggjatítlna og myglu.

Draumurinn um nýja húsið við Austurgötu 36 í miðbæ Hafnarfjarðar hefur að þeirra sögn strandað á mótbyr frá ósveigjanlegu kerfi.

Anna Gyða Pétursdóttir og Ingvar Ari Arason segja þá baráttu hafa tekið verulega á og framlengt óþarflega martröðina sem málið hefur verið. Þau vilja reisa nýtt og hærra steinhús í gömlum byggingarstíl.

– smj / sjá síðu 2

## Stórleikarar í Íslandsheimsókn



**LÍFIÐ** Bandarísku leikararnir Jason Schwartzman og Jake Johnson eru staddir á Íslandi en þeir komu með vél WOW air til landsins frá Los Angeles í gær. Ekki er vitað hvaða erindi þeir eiga á Íslandi en heimildarmaður Fréttablaðsins sagði þá vini virka hressa og káta í fluginu. Schwartzman og Johnson eiga báðir glæstan leiklistarferil að baki en Schwartzman er einna þekktastur fyrir hlutverk sín í kvikmyndum Wes Andersen. Johnson er þekktastur fyrir að leika Nick Miller í þáttunum New Girl.

– sþh / sjá síðu 20

## Fréttablaðið í dag



**SKOÐUN** Bull er bull, skrifar Jón Baldvin Hannibalsson. 11

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **BÍLAR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður




Veður verður stillt fyrri hluta dags í dag og rigna mun öðru hverju norðanlands, en annars staðar verður yfirleitt þurrt. Það mun hvessa í kvöld og þá bætir í úrkomuna fyrir norðan. SJÁ SÍÐU 16

## Tom Petty er þungt haldinn

**MENNING** Tónlistarmaðurinn Tom Petty liggur þungt haldinn á sjúkrahúsi í Los Angeles. Petty er 66 ára að aldri og fannst meðvitundarlaus á heimili sínu á sunnudagskvöld eftir hjartaáfall. Samkvæmt fyrstu fréttum var Petty talinn af. Hann er hvað þekktastur fyrir tónlist sína með hljómsveitinni Tom Petty and the Heartbreakers sem var tekin inn í frægðarhöll rokksins árið 2002. – **hg**



## Hlutabréfasala maka mátti skerða lífeyri

**DÓMSMÁL** Tryggingastofnun var heimilt að fella niður greiðslur til örorkulífeyrisþega vegna fjármagnstekna sem komu til vegna sölu maka viðkomandi á hlutabréfum. Þetta er niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur.

Málið á rætur að rekja til ársins 2015. Þá var áætlað að örorkulífeyrir til lífeyrisþegans yrði rúmar 190 þúsund krónur á mánuði. Þær greiðslur voru felldar niður í mars á þeim grundvelli að eiginmaður hennar hefði selt hlutabréf fyrir 12,7 milljónir. Þá var konan krafin um endurgreiðslu vegna ofgreidds lífeyris.

Í niðurstöðu dómsins segir að Alþingi hafi verið innan valdheimilda stjórnarskrárinnar þegar lögfest var ákvæði um að fjármagnstekjur maka skyldu koma til frádráttar við útreikning örorkubóta. Daníel Isebarn Ágústsson, lögmaður konunnar, segir að málinu verði áfrýjað til Hæstaréttar. – **jóe**

# Sigurður Pálsson kvaddur



Fjölmenni var viðstatt útför rithöfundarins Sigurðar Pálssonar sem fór fram frá Hallgrímskirkju í Reykjavík síðdegis í gær. Fjölskylda og vinir kvöddu þar listamanninn sem lést 19. september eftir erfið veikindi. Séra Hjálmar Jónsson jarðsöng og í hópi kistubera voru meðal annars þau Kristín Helga Gunnarsdóttir, Einar Kárason, Jóhann Páll Valdimarsson, Þórarinn Eldjárn og Guðrún Sigfúsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Enn á eftir að skipa rektor MR

**MENNTUN** Enn hefur ekki verið skipað í stöður rektors Menntaskólans í Reykjavík og Fjölbrautaskólans við Ármúla. Skipa átti í stöðurnar frá og með 1. október síðastliðnum.

Umsóknarfrestur um stöðurnar rann út 8. ágúst síðastliðinn eða fyrir rúmum tveimur mánuðum. Níu sóttu um stöðu rektors MR og fjórir um stöðu skólameistara Fjölbrautaskólans við Ármúla.

Kveðjuathöfn var haldin til heiðurs Yngva Péturssyni, rektor MR, á föstudaginn. Hann lét af störfum í gær. Það var skólafélagið og nemendur sem stóðu fyrir kveðjuathöfninni.

Starfandi skólameistari Fjölbrautaskólans við Ármúla er Ólafur H. Sigurjónsson. Hann hefur verið aðstoðarskólameistari um árabil en er ekki á meðal umsækjenda um stöðuna. – **jhh**




# Berjast fyrir draumnum í veggjatítlumartröð

**Það var fimm manna fjölskyldu í Hafnarfirði áfall þegar ljóst varð að heimili hennar væri ónýtt eftir veggjatítlur og myglu. Þau vildu rífa húsið og byggja nýtt en þar hófst barátta þeirra fyrir alvöru sem framlengt hefur martröðina.**

**SKIPULAGSMÁL** Það ræðst í dag hvort fimm manna fjölskylda, sem þurfti að yfirgefa heimili sitt vegna veggjatítlna og myglu í miðbæ Hafnarfjarðar í vor, fær að byggja nýtt draumahús í stað þess sem úrskurðað hefur verið ónýtt.

Anna Gyða Pétursdóttir og Ingvar Ari Arason, sem búa nú með börnum sínum þremur í leiguhúsnæði eftir martröðina í vor, vilja fá að reisa nýtt og stærra steinhús í gömlum byggingarstíl. Þau bíða nú niðurstöðu skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar um breytt deiliskipulag fyrir lóðina við Austurgötu 36. Anna segir baráttuna við ólíðlegt og ósveigjanlegt kerfið hafa tekið verulega á og framlengt óþarflega martröðina sem málið hefur verið.

„Okkur finnst við vera með raunhæfar kröfur um hvað við viljum fá í staðinn á lóðina. Við viljum byggja steinhús í gömlum stíl, sem passar vel í virðulega götu. Okkur hefur fundist að menn vilji bara annað lítið bárujárnshús þarna sem væri galið. Að neyða fólk sem missti hús í veggjatítlur að byggja annað bárujárnshús."

Líkt og fram kom í fjölmiðlum höfðu Anna og Ingvar farið í minniháttar viðhald á húsinu um páskana þegar versti ótti húsnæðiseigenda var staðfestur. Veggjatítlur fundust í húsinu, mygla í þakinu og húsið var úrskurðað ónýtt. Þau höfðu búið í húsinu frá árinu 2012 og var þriðja barn þeirra nokkurra vikna gamalt þegar málið kom upp.

Þar sem húsið var friðað þurfti Minjastofnun að veita sérstakt leyfi til að það yrði rifið. Það leyfi var veitt. Bærinn veitti fjölskyldunni styrk til að rífa húsið en enn á eftir að samþykkja niðurrifið formlega. Samhugur fólks varð til þess að hrint var af stað söfnun fyrir fjölskylduna sem stóð húsnæðislaus eftir. Síðan í sumar hafa málin hins vegar dregist á langinn.



Anna Gyða Pétursdóttir og Ingvar Ari Arason vilja reisa nýtt hús fjölskyldunnar á lóðinni í Hafnarfirði en baráttan er þrautin þyngri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Að neyða fólk sem missti hús í veggjatítlur að byggja annað bárujárnshús.
>
> Anna Gyða Pétursdóttir

„Við héldum, kannski í einfeldni okkar, að það væri vilji til að koma þessu fljótt og vel í gegn þar sem einhver myndi leiða okkur í gegnum þetta. En við höfum þurft að berjast út í eitt fyrir okkar hóflegu kröfum sem studdar eru af embættismönnum og Minjastofnun. Við erum orðin mjög þreytt á að standa í að eyða öllum kvöldum í að skrifa bréf, lesa deili- og aðalskipulag, lesa lögin– ofan á allt," segir Anna sem vill að ráðið setji mál þeirra í samhengi. Fjölmörg dæmi séu um sambærilega framkvæmd í miðbænum. Verði þeim synjað fari allt í lás.

„Við erum ekki tilbúin til að byggja þarna lítið bárujárnshús. Við erum orðin þreytt á þessum slag og við munu ekki rífa þetta hús án þess að vita hvað við fáum að byggja í staðinn. Ef þeir ætla að tefja þetta eða fresta út í hið óendanlega þá verður húsið bara þarna. Við erum búin að óskum geta þau þó aldrei byrjað að byggja fyrr en um áramót. Ferlið sé langt og strangt.

Anna segir þau vona að tillaga þeirra verði samþykkt. Gangi allt að óskum geta þau þó aldrei byrjað að byggja fyrr en um áramót. Ferlið sé langt og strangt.

**mikael@frettabladid.is**

# Heimsfræg hönnun

Hágæða húsgögn og glæsileg gjafavara með
góðum afslætti í tilefni Artek-sýningarinnar
frá 21. september til 8. október.

## artek

**25% afsláttur** af öllum Artek-vörum á meðan sýningin stendur yfir.




## vitra.

**Sértilboð** og **frábær vildarafsláttur** af gæðavörum frá Vitra.



Eames DSR
**Vildarverð:** **34.900 kr.**
Fullt verð: 45.900 kr.
Ray og Charles Eames, 1950



Eames DSW
**Vildarverð:** **47.900 kr.**
Fullt verð: 63.900 kr.
Ray og Charles Eames, 1950



Eames DAW
**Vildarverð:** **59.900 kr.**
Fullt verð: 82.900 kr.
Ray og Charles Eames, 1950



Ball Clock
**Vildarverð:** **29.900 kr.**
Fullt verð: 37.900 kr.
George Nelson, 1948



Eames House Bird
**Vildarverð:** **16.900 kr.**
Fullt verð: 19.900 kr.



Hang it all
**Vildarverð:** **29.900 kr.**
Fullt verð: 36.900 kr.
Charles & Ray Eames, 1953

Opið virka daga 8:00–18:00
Laugardaga 11;00–15:00
Sunnudaga 11:00–15:00

Skeifunni 10, Reykjavík

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

Penninn Húsgögn

# Enn stjórnlaust hjá zúistum sem eiga nú um 50 milljóna króna sjóð

**TRÚFÉLÖG** Enginn hefur enn náð stjórnartaumum í trúfélagi zúista eftir að innanríkisráðuneytið úrskurðaði í janúar síðastliðnum að Ísak Andri Ólafsson, sem verið hafði forstöðumaður frá 1. júní 2015, væri ekki réttmætur fyrirsvarsmaður félagsins.

Ísak fór fyrir þeim hópi sem lofaði meðlimum zúista að fá beint í sínar hendur sóknargjöld sem ríkið greiðir fyrir hvern og einn félagsmann trúfélaga, um tíu þúsund krónur á ári. Varð við þetta mikil fjölgun í félaginu sem við síðustu skráningu í taldi 2.845 meðlimi og er sjöunda stærsta trúfélag landsins og það eina án skráðs forstöðumanns.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í byrjun ágúst hefur ríkið ekki greitt út hin lögbundnu sóknargjöld til zúista frá því í febrúar 2016 vegna þess að ekki liggur fyrir hver er rétthafi í trúfélaginu. Peningarnir bíða hins vegar félagsins þegar málin eru komin á hreint. Búast má við að í hverjum mánuði bætist um 2,6 milljónir í sjóðinn sem væntanlega er kominn yfir 50 milljónir króna.

**2,6**
**milljónir króna af skattfé bætast í sjóð Zúista í hverjum mánuði.**

Ágúst Arnar Ágústsson, einn upphaflegra stofnefnda zúista og annar svokallaðra Kickstarter-bræðra, hefur gert kröfu um að vera skráður forstöðumaður zúista. Það er sýslumannsembættið á Norðurlandi eystra sem annast slíka skráningu.

Mikil töf hefur orðið á afgreiðslu kröfu Ágústs hjá sýslumannsembættinu og kvartaði hann undan töfinni til umboðsmanns Alþingis. Fyrir um tveimur mánuðum fékk Fréttablaðið þær upplýsingar hjá sýslumannsembættinu að niðurstöðu væri að vænta í forstöðumannsmálinu. Þrátt fyrir margítrekuð símtöl og tölvuskeyti þangað hafa engar upplýsingar um stöðu málsins fengist síðan. Hins vegar má sjá af trúfélagalista embættisins að enn er enginn forstöðumaður skráður hjá zúistum, einu trúfélaga í landinu.

Hjá umboðsmanni Alþingis var með vísan í starfsreglur neitað að gefa upplýsingar um framgang kvörtunarmálsins þar. Hvorki náðist í Ágúst né lögmann hans í gær. **– gar**


**Zúistar byggja á trúarbögðum Súmera til forna.** NORDICPHOTOS/AFP

## Tekjurnar námu 16,2 milljónum

**FJÖLMIÐLAR** Tekjur Reykjavík Media námu 16,2 milljónum króna á síðasta ári og skilaði félagið 6,2 milljónum í rekstrarafgang. Fyrirtækið er í eigu Jóhannesar Kr. Kristjánssonar fjölmiðlamanns.

Fyrirtækið vann að umfangsmikilli fréttaumfjöllun um Panamaskjölin og tengsl forsætisráðherrahjónanna fyrrverandi, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar og Önnu Sigurlaugar Pálsdóttur, við félagið Wintris.

Fyrirtækið safnaði 100 þúsund evrum, eða sem nemur rúmum 12 milljónum króna, í gegnum fjársöfnunarvefinn Karolina Fund. **– jhh**


**Jóhannes Kr. Kristjánsson**

## Sveinn Gestur áfram í haldi

**SAKAMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð héraðsdóms um að Sveinn Gestur Tryggvason sitji í gæsluvarðhaldi til 26. október næstkomandi. Þar hefur hefur hann setið síðan 8. júní síðastliðinn.

Sveinn Gestur er ákærður fyrir stórfellda líkamsárás þegar ráðist var á Arnar Jónsson Aspar á Æsustöðum í Mosfellsbæ þann 7. júní með þeim afleiðingum að Arnar beið bana. Getur brotið sem hann er sakaður um varðað allt að sextán ára fangelsi. Hann hefur ávallt neitað sök í málinu og þá hafnaði hann einnig bótakröfu í málinu við þingfestingu þess þann 14. september. **– hh**

# Sigmundur segir leiðréttingu skattstjóra lækka skattbyrðina

**Leiðrétting á skattframtölum Önnu Sigurlaugar Pálsdóttur, eiginkonu fyrrverandi forsætisráðherra, skilar sér í því að hjónin greiða lægri upphæð í ríkissjóð en þau hefðu ella gert. Úrskurður yfirskattanefndar hækkar frádráttarbært ónotað tap um ríflega 110 milljónir króna. Óljóst hver heildarsparnaðurinn verður.**

**STJÓRNSÝSLA** Endurákvörðun Ríkisskattstjóra (RSK) á opinberum gjöldum hjónanna Önnu Sigurlaugar Pálsdóttur og Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar felur í sér að þegar upp er staðið munu þau greiða minna en þau greiddu samkvæmt fyrri skattskilum. Þetta segir Sigmundur Davíð við Fréttablaðið.

„Það er enn óljóst hversu mikill heildarsparnaðurinn verður því hann kemur að miklu leyti til á næstu árum í formi skattafrádráttar,“ segir Sigmundur. Fréttablaðið fór fram á það að gögn yrðu lögð fram sem styddu fullyrðinguna að á heildina litið fælist hagræði í þessu. Ekki var unnt að verða við þeirri beiðni í gær.

„Það hefur vakið furðu mína hversu langt sumir hafa gengið í að afbaka staðreyndirnar sem birtust í dag. Menn virðast sumir hvorki botna upp né niður í því sem þeir eru að leysa og búa þá bara til sína eigin sögu,“ segir Sigmundur.

Í Fréttablaðinu í gær var sagt frá því að hjónin hefðu óskað eftir því í maí 2016 að RSK leiðrétti skattframtöl þeirra gjaldárin 2011 til og með 2015. Leiðréttingin varðaði félag í hennar eigu, Wintris, sem skráð er á Bresku Jómfrúaeyjum.

Í erindi hjónanna til RSK kemur fram að eignir Wintris hefðu verið taldar fram sem eignir Önnu og tekjur af félaginu taldar fram sem fjármagnstekjur hennar. Þessari tilhögun hafi hún ekki breytt eftir gildistöku CFC-reglna, sem kveða meðal annars á um að greiða skuli tekjuskatt hér af hagnaði félags, eins og Wintris, sem íslenskur skattaðili á en er í lágskattaríki, árið 2011.


**Óljóst er hve mikill sparnaðurinn er fyrir hjónin Önnu Sigurlaugu Pálsdóttur og Sigmund Davíð en hann kemur til á næstu árum sem aukafrádráttur.**

„Í því sambandi hefði verið horft til yfirlýsts tilgangs með reglunum, sem væri að sporna við skattundanskotum, en kærendur hefðu talið að framtalsmáti þeirra samrýmdist þessum tilgangi,“ sagði í erindinu. Þá var tekið fram að það hefði „hugsanlega verið réttara“ að haga skattskilum samkvæmt efni reglnanna.

Með erindinu fylgdu gögn sem varða Wintris. Ákvörðun RSK fól í sér að gjaldstofn vegna tekjuskatts og útsvars var hækkaður en gjaldstofn vegna fjármagnstekjuskatts var lækkaður. Auðlegðarskattur var endurákvarðaður en ekki kemur fram hvort það hafi verið til hækkunar eða lækkunar. Undu hjónin þeirri niðurstöðu.

Hluti ákvörðunarinnar var kærður til yfirskattanefndar. Sneri sá hluti málsins að færslu vegna gengisbreytinga á þeim grundvelli að ekki væri til að dreifa gengishagnaði eða gengisbreytingum af starfsemi Wintris. Yfirskattanefnd komst hins vegar að annarri niðurstöðu og féllst á kröfur Önnu og Sigmundar.

Í niðurstöðu nefndarinnar segir að skattlagning á grundvelli CFC-reglnanna gerði ráð fyrir því að tekjur hins íslenska skattaðila vegna eignarhalds á lágskattasvæði séu skattskyldar með sambærilegum hætti og um væri að ræða starfsemi hér á landi. Frá því væru þó sérstaklega tilgreindar undantekningar. Taka hefði þurft sérstaklega fram ef slíkt ætti ekki að gilda um færslu gengismunar.

Niðurstaðan fól meðal annars í sér að uppsafnað ónotað frádráttarbært tap þeirra varð 162 milljónir króna í stað 50 milljóna. Þá endurgreiddi skatturinn þeim 25 milljónir sem áður höfðu verið ofgreiddar.
johannoli@frettabladid.is




ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16



# Innviðir á Íslandi

## Ástand og framtíðarhorfur

Í tilefni af útgáfu skýrslu um ástand og framtíðarhorfur innviða á Íslandi efna Samtök iðnaðarins og Félag ráðgjafarverkfræðinga til opins fundar í **Kaldalóni í Hörpu, fimmtudaginn 5. október kl. 8.30–10.00.**

Íslenskt samfélag er óhugsandi án þess að hér séu traustir innviðir líkt og flugvellir, vegir, hafnir, fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, sorphirða og förgun, orkuöflun og orkuflutningar ásamt fasteignum ríkis og sveitarfélaga á borð við skóla og sjúkrahús. Saman mynda þessir innviðir lífæðar samfélagsins. Með fjárfestingum í innviðum er fjárfest í lífsgæðum þjóðarinnar, samkeppnishæfni atvinnulífsins og hagvexti framtíðarinnar. Heildstæð skýrsla um ástand innviða hér á landi er nú gefin út í fyrsta sinn.

## Dagskrá



**Ávarp**
**Guðrún Hafsteinsdóttir**, formaður SI



**Setning og fundarstjórn**
**Tryggvi Jónsson**, formaður Félags ráðgjafarverkfræðinga



**Mikilvægi innviða og helstu niðurstöður**
**Sigurður Hannesson**, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins



**Vegir og flugsamgöngur**
**Vilhjálmur Hilmarsson**, hagfræðingur hjá Mannviti



**Fráveitur og sorpmál**
**Helga Jóhanna Bjarnadóttir**, verkfræðingur og sviðstjóri hjá EFLU



**Orkuöflun og orkuflutningar**
**Hörn Hrafnsdóttir**, verkfræðingur á orkusviði hjá Verkís og
**Eymundur Sigurðsson**, verkfræðingur á orkusviði Lotu



Morgunverður frá kl. 8.00. **Skráning á www.si.is**

FRV Félag ráðgjafarverkfræðinga

SI Samtök iðnaðarins

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 17-2229

# Hömlulaust ofbeldi í borg syndanna

**Hið minnsta 58 voru myrtir og 515 særðir þegar skotárás var gerð á hóteli í Las Vegas í gær. Árásin er sú mannskæðasta í áratugi í Bandaríkjunum. Lögregla hefur ekki viljað skilgreina árásina sem hryðjuverk. Fimm Íslendingar voru á hótelinu Mandalay Bay og segjast skelkaðir en heilir. Stephen Paddock, 64 ára, skaut að tónleikagestum og tveimur klukkustundum síðar hafði hann svipt sig lífi.**

**BANDARÍKIN** Árás Stephens Paddock, 64 ára heimamanns, á gesti tónlistarhátíðar við Mandalay Bay hótelið í Las Vegas í Bandaríkjunum er sú mannskæðasta þar í landi í að minnsta kosti 68 ár. Paddock hóf skothríð af 32. hæð hótelsins niður á götu þar sem tónlistarhátíðin fór fram og drap að minnsta kosti 58 manns. Þá særði hann einnig 515 hið minnsta.

Mannskæðasta árás sama tímabils hafði til þessa verið árás Omars Mateen á hinsegin skemmtistaðinn Pulse í Orlando, Flórída, í fyrra. Myrti Mateen 49 og særði 58.

Samanlögð tala særðra og myrtra eftir árás Paddocks er því að minnsta kosti 573 á meðan Mateen myrti og særði 107. Vefsíðan Gun Violence Archive, sem heldur utan um allar fjöldaskotárásir í Bandaríkjunum, hélt því fram í gær að árásin væri sú 273. í Bandaríkjunum í ár. Fjöldaskotárásir eru skotárásir þar sem að minnsta kosti fjórir eru skotnir á sama stað og tíma.

Paddock svipti sig lífi á hótelherbergi sínu á Mandalay Bay og er hann einn grunaður um verknaðinn. Samkvæmt lögreglunni í Las Vegas fannst fjöldi skotvopna á herbergi hans og er talið að Paddock hafi gist þar síðan 28. september.

Lögregla hefur ekki sagst rannsaka árásina sem hryðjuverk, ástæður Paddocks fyrir árásinni séu enn óþekktar og hann ekki talinn tengjast neinum hryðjuverkasamtökum. „Við höfum ekki hugmynd um gildi hans og skoðanir,“ sagði Joe Lombardo lögreglustjóri og bætti síðar við: „Það eru ákveðnir þættir sem tengjast hryðjuverkum aðrir en örvingluð manneskja sem hugsar bara um að drepa fólk.“

Þrátt fyrir ummæli lögreglustjórans lýstu hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við Íslamskt ríki yfir ábyrgð á árásinni. Á fréttasíðunni Amaq kemur ISIS því á framfæri að Paddock hafi verið hermaður samtakanna og hafi snúist til íslamstrúar fyrir nokkrum mánuðum.

Í viðtali við CNN sagði Eric Paddock, bróðir Stephens, að árásin hefði komið eins og þruma úr heiðskíru lofti. „Hann var ekki trúaður, ópólitískur. Hann var enginn byssuáhugamaður og ég skil ekki hvar hann fékk þessar byssur. Hann var bara gaur sem bjó í Mesquite, keyrði til Las Vegas til að spila fjárhættuspil. Hann gerði bara eitthvað. Borðaði burrito.“

Donald Trump Bandaríkjaforseti vottaði fórnarlömbum samúð sína í gær. „Ég samhryggist fjölskyldum fórnarlamba árásarinnar í Las Vegas innilega. Megi guð blessa ykkur.“ Slíkt gerði fjöldi bandarískra stjórnmálamanna einnig, til að mynda fyrrverandi forsetarnir Barack Obama og Bill Clinton.

Í ræðu sinni í Hvíta húsinu sagði Trump að árásin hefði verið helber illska. „Við getum ekki skilið sársauka fjölskyldnanna eða missi þeirra. Við biðjum fyrir fjölskyldum hinna látnu, við erum til staðar fyrir ykkur.“

Demókratar vestanhafs kröfðust þess jafnframt að skotvopnalöggjöf landsins yrði hert, líkt og þeir hafa ætíð gert þegar stórar skotárásir eru gerðar, þó án mikils árangurs. „Harmleikir eins og þessi í Las Vegas hafa gerst of oft. Við verðum að taka umræðuna um hvernig er hægt að koma í veg fyrir byssuofbeldi. Við þurfum að gera það núna,“ sagði Elizabeth Warren, öldungadeildarþingmaður flokksins.

Að minnsta kosti fimm Íslendingar, sem allir eru starfsmenn fyrirtækisins NetApp, voru á Mandalay Bay hótelinu í fyrrinótt þegar árásin var gerð.

Jón Þorgrímur Stefánsson framkvæmdastjóri segir þrjú þeirra hafa verið á veitingastað á hótelinu þegar árásin hófst.

„Við héldum fyrst að um flugelda væri að ræða, förum út á svalirnar og sáum þá fyrst hvað var í gangi. Þetta var hræðilegt að sjá og upplifa,“ segir Jón.

Hann segir sérsveitina hafa komið inn á hótelið með gríðarlegum látum. „Hún lét alla leggjast á grúfu og vera þannig í langan tíma,“ segir Jón og bætir því við að allir í íslenska hópnum séu heilir. „Skelkuð en heil.“

Soffía Theodóra Tryggvadóttir segir lífsreynsluna óhugnanlega og virkilega óþægilega en hún var uppi á herbergi þegar árásin hófst. „Sérsveitin ruddist inn til mín fyrir um klukkutíma, beinandi að mér byssum til að vita hvort ég væri að fela einhvern,“ segir Soffía en Fréttablaðið talaði við hana í gærmorgun.

thorgnyr@frettabladid.is

**» Samanlögð tala særðra og myrtra eftir árás Paddocks er því að minnsta kosti 573.**

## Mannskæðustu skotárásir í Bandaríkjunum frá 1949




**1** | **2. október 2017** Stephen Paddock drap að minnsta kosti **58** á Mandalay Bay hótelinu í Las Vegas, Nevada

**2** | **12. júní 2016** Omar Saddiqui Mateen drap **49** á hinsegin skemmtistaðnum Pulse í Orlando, Flórída

**3** | **16. apríl 2007** Seung-Hui Cho drap **32** í Virginia Tech í Blacksburg, Virginíu

**4** | **14. desember 2012** Adam Lanza drap **27** í Sandy Hook grunnskólanum í Newtown, Connecticut

**5** | **16. október 1991** George Hennard drap **23** í Luby's Cafeteria í Killeen, Texas

**6** | **18. júlí 1984** James Huberty drap **21** á McDonald's í San Ysidro, Kaliforníu

**7** | **1. ágúst 1966** Charles Joseph Whitman drap **18** í Texas-Háskóla í Austin, Texas

**8** | **2. desember 2015** Syed Rizwan Farook og Tashfeen Malik drápu **14** í San Bernardino, Kaliforníu

**9** | **20. ágúst 1986** Patrick Henry Sherrill drap **14** í Edmond, Oklahoma

**10** | **5. nóvember 2009** Nidal Malik Hasan drap **13** í Fort Hood, Texas

**11** | **3. apríl 2009** Jiverly Wong drap **13** í Binghamton, New York

**12** | **20. apríl 1999** Eric Harris og Dylan Klebold drápu **13** í Columbine-skóla í Littleton, Colorado



**13** | **18. febrúar 1983** Fai Mak, Benjamin Ng og Wai-Chiu Ng drápu **13** í Wah Mee-klúbbnum í Seattle, Washington

**14** | **25. september 1982** George Banks drap **13**, þar á meðal 5 börn sín, í Wilkes-Barre, Pennsylvaníu

**15** | **5. september 1949** Howard Unruh drap **13** í Camden, New Jersey

**16** | **16. september 2013** Aaron Alexis drap **12** í herskipahöfninni í Washington

**17** | **20. júlí 2012** James E. Holmes drap **12** í kvikmyndahúsi í Aurora, Colorado



**18** | **29. júlí 1999** Mark Barton drap **12**, meðal annars konu sína og tvö börn í Atlanta, Georgíu

**19** | **10. mars 2009** Michael McLendon drap **10**, þar á meðal móður, ömmu, frænku og frænda, í Kinston Alabama



**Vitni að voðaverkunum í Vegas voru skiljanlega í áfalli**



# ÓTRÚLEG MYNDSKERPA
# FRÁ ÖLLUM SJÓNARHORNUM

LG BLUETOOTH HÁTALARI AÐ ANDVIRÐI 12.990 KR. FYLGIR FRÍTT MEÐ






LG
Life's Good

## ULTRA HD SNJALLSJÓNVARP UJ651V

Fjórfalt betri myndgæði en í Full HD sjónvörpum þökk sé IPS 4K tækni sem tryggir skarpa mynd hvar sem þú situr. Örþunn og stílhrein hönnun eins og LG er einum lagið. Með Active HDR og Ultra Luminance tækni sem skerpa myndina enn frekar með dýpri svörtum og bjartari litum. Einfaldur webOS 3.5 netvafri hjálpar þér að velja rétta sjónvarpsefnið á meðan Ultra Surround hátalarakerfið heldur þér við skjáinn og hámarkar upplifunina.

IPS 4K | Ultra Luminance | FÁANLEG 60" OG 65"

4K HDR ULTRA HD

60" 149.990 KR.

65" 179.990 KR.

**BETRA BORGAR SIG**

Opið virka daga 10 – 18 | Laugardaga 11 – 16

RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

Samtal um fíknidauða

Þann 4. október kl. 20 í safnaðarheimili Háteigskirkju fjallar Hrannar Már um eigin reynslu af sorg og hvað hefur hjálpað honum að lifa með sorginni. Einnig mun Nicolas tala um hvernig hann hefur öðlast frelsi þrátt fyrir að vera faðir fíkils.

Kynntir verða stuðningshópar fyrir aðstandendur þeirra sem látist hafa af völdum fíknar.

Ókeypis og allir velkomnir. Sjá nánar á www.sorg.is

NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

www.nydogun.is • www.sorg.is • nydogun@nydogun.is



Frumkvöðla- og nýsköpunarmennt
Málstofa 9. október

**Rannís býður til opinnar málstofu um frumkvöðla- og nýsköpunarmennt mánudaginn 9. október kl. 13-17 í sal Samiðnar, Borgartúni 30, 6. hæð.**

Þrír eistneskir sérfræðingar kynna slíka kennslu í sínu landi og farið verður yfir sviðið hérlendis. Að lokum verður efnt til samræðna um hvað þjóðirnar tvær geta lært hvor af annarri.

**Umræðurnar fara fram á ensku.**

**Nánari upplýsingar og skráning á www.rannis.is**

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun




Stúdentar mótmæltu lögregluofbeldi í Barcelona í gær. Framferði stjórnvalda í Madrid hefur verið mótmælt um alla Evrópu. Stjórnvöld í Katalóníu segjast enn vilja ná friðsamlegu samkomulagi við þau í Madrid. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Evrópa ekki líkleg til stórræða í Katalóníu

Aðkomu Alþingis þarf til að Ísland taki afstöðu í málefnum Katalóníu, segir utanríkisráðherra. Evrópusambandið er aumingi, segir Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi ráðherra, sem hefur litla trú á gömlu nýlenduríkjum Evrópu.

**SPÁNN** Ísland myndi ekki taka afstöðu til mögulegrar sjálfstæðisyfirlýsingar Katalóníu nema með aðkomu Alþingis, segir Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra og telur ekki æskilegt að starfsstjórn taki sjálfstæða afstöðu í málum eins og þessu, að svo stöddu. Aðspurð segir Jóna Sólveig Elínardóttir, formaður utanríkismálanefndar, að nefndin hafi ekki komið saman vegna málsins.

„Evrópusambandið er aumingi og gerir ekki neitt og getur ekkert gert,“ segir Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, sem hefur verið með annan fótinn á Spáni undanfarin ár. Jón er ekki bjartsýnn á framhaldið. Madrid hafi haft um tvær leiðir að velja. Annars vegar viðræður að siðaðra manna hætti eða valdbeitingu.

„Nú eru þeir búnir að brenna brýr að baki sér með því að siga gömlu fasistalögreglunni á íbúa Katalóníu og þar með eru þeir búnir að eyðileggja sinn málstað og það má þakka fyrir ef þetta endar ekki í blóðugri borgarastyrjöld aftur.“

Jón segir nauðsynlegt að skilja sjálfstæðisþrá Katalóníumanna í sögulegu ljósi og bendir á að Spánverjar hafi aldrei gert tímabil fasismans upp, heldur hafi þeir haldið sig við sáttmála gleymskunnar. „Í honum fólst að láta hina dauðu grafa hina dauðu; gleyma fortíðinni og einblína bara á nýja framtíð lýðræðislegs Spánar.“ Jón segir þennan sáttmála vera að trosna upp núna. „Það er varla til sú fjölskylda á Spáni sem ekki hefur átt um sárt að binda vegna Franco, og PP [Þjóðarflokkurinn] er náttúrulega bara arftaki fasistanna,“ segir Jón og bætir við: „Lögreglan, kirkjan, herinn og

> **Evrópusambandið er aumingi og gerir ekki neitt. Þeir geta í besta falli boðist til að miðla málum. Ég veit ekki einu sinni hvort þeir hafa döngun í sér til þess.**
>
> Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra



landeigendaklíkan. Það er PP og þeir eru harðir á því að það má ekki opna grafir fortíðarinnar og þess vegna eru sárin ógróin.“

Jón Baldvin telur einu færu leiðina vera að alþjóðasamfélagið þrýsti á og beiti sér fyrir samningum og bendir á að að Evrópusambandið (ESB) var stofnað til að halda frið á stríðshrjáðu meginlandi Evrópu. „Þar af leiðir að ESB á auðvitað í ljósi þessa uppruna og eðlis bandalagsins að hlutast til um að koma á friði og samningum,“ segir Jón, en er ekki vongóður um að bandalagið beiti áhrifum sínum.

„Þeir geta í besta falli boðist til að miðla málum. Ég veit ekki einu sinni hvort þeir hafa döngun í sér til þess. Lögfræðingarnir munu segja nei, Spánn er fullgilt aðildarríki og það er engin miðstjórn í Evrópusambandinu sem hefur heimild til að blanda sér í málefni aðildarríkja. Valdamestu ríki Evrópusambandsins eru gömul nýlenduríki og ég á nú ekki von á að þau beiti sér fyrir milligöngu Evrópusambandsins í málinu.“

adalheidur@frettabladid.is


AÐALSKIPULAG
KEFLAVÍKURFLUGVALLAR
2013–2030

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar og Landhelgisgæslan f.h. utanríkisráðuneytisins samþykktu þann 1. apríl 2016 tillögu að Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013-2030. Skipulagstillaga var auglýst 12. janúar til 23. febrúar 2016. Alls bárust 17 umsagnir og athugasemdir við auglýsta skipulagstillögu og þar af voru 7 aðilar sem gerðu engar athugasemdir. Skipulagsnefnd fellst á afgreiðslu á framkomnum athugasemdum. Brugðist var við ábendingum og ákveðnar breytingar gerðar auk þess sem breytingar voru gerðar vegna athugasemda Skipulagsstofnunar við afgreiðslu á auglýstri og samþykktri tillögu m.a. um farþegaspá, byggingarheimildir og áfangaskiptingu þeirra.

Samþykkt tillaga með lagfæringum hefur verið send til Skipulagsstofnunar, umhverfisráðherra og utanríkisráðherra til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Keflavíkurflugvallar.

**Keflavíkurflugvelli, 25. september 2017**
F.h. Skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar
**Sveinn Valdimarsson,** skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar.

OLÍUVERZLUN ÍSLANDS




Á myndinni sést Cecil Bender, starfsmaður Olís, dæla bensíni á ameríska rennireið við Hlemm á upphafsárunum.

## VINUR VIÐ VEGINN Í

# 90 ÁR

Olíuverslun Íslands var stofnuð 3. október 1927 á skrifstofu Héðins Valdimarssonar. Allt frá fyrstu tunnu hefur félagið verið órjúfanlegur hluti af ferðalögum landsmanna og sjávarútvegi. Þjónustan hefur vaxið og dafnað og við höfum tekið þátt í ótal samfélagsverkefnum. Breytingarnar á þessum 90 árum eru miklar, en þó er eitt sem breytist ekki: **Við ætlum áfram að vera þjóðinni samferða og ferðalöngum sannur vinur við veginn.**

**FJÖLDI 90 KR. AFMÆLISTILBOÐA Á ÖLLUM STÖÐVUM Í DAG, 3. OKTÓBER.**

olís

Síðan 1927

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Goðsögnin um hreina Ísland



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Tvær langlífar og nátengdar mýtur einkenna viðhorf Íslendinga til umhverfismála og umræðunnar um kolefnisspor okkar. Annars vegar er það sú hugmynd að lífsstíll okkar sé umhverfisvænn, einfaldlega vegna þess að 99 prósent af orku sem nýtt er til húshitunar og rafmagnsframleiðslu á landinu koma frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Hin goðsagan er sú að Íslendingar – hinir miklu frumkvöðlar í endurnýjanlegri orku – standi öðrum ríkjum framar þegar losun gróðurhúsalofttegunda frá tiltekinni starfsemi er mæld.

Hvorugt á sér stoð í raunveruleikanum. Ný rannsókn, sem unnin var af vísindamönnum við Umhverfis- og byggingaverkfræðideild Háskóla Íslands, sýnir fram á að neysludrifið kolefnisspor íslenskra heimila er áþekkt því sem gerist meðal þjóða Evrópusambandsins. Sérstaða okkar í orkumálum skiptir hér engu máli.

Í rannsóknarniðurstöðum kemur fram að kolefnisspor Íslendinga er 55 prósentum stærra en útblástursmælingar innan landamæra landsins gefa til kynna. Það eru einmitt slíkar mælingar sem liggja til grundvallar þegar markmið hafa verið sett um minni útblástur (40 prósent fyrir árið 2030 í tilfelli Íslands). Þetta eru markmið þar sem einfaldlega er ekki verið að taka á vandanum.

Þetta þýðir jafnframt að um 71 prósent útblásturs heimila kemur til vegna innfluttra vara og að útblástursbyrðin er að mestu í þróunarríkjum.

Þetta er sláandi staðreynd, þá sérstaklega þegar litið er til þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað um mótvægisaðgerðir þjóðríkja gegn losun gróðurhúsalofttegunda. Undanfarna áratugi hefur áherslan verið á að fá ríkin til að stuðla að umhverfislegri sjálfbærni innan landamæra þegar staðreyndin er sú að menguninni er í raun útvistað frá auðugum löndum eins og Íslandi til þróunarríkja. Vonandi verða rannsóknir af þessum toga til þess að við tökum upp víðtækari nálgun á útreikninga á útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

Mögulega er þrautseigja þessara goðsagna ástæðan fyrir því að umræðan um losun gróðurhúsalofttegunda er jafn máttlaus hér og raun ber vitni. Rannsóknir sem þessi og fleiri af sama toga verða vonandi til þess að virkja þá ástríðu sem við sannarlega höfum fyrir umhverfismálum.

Næst þegar ráðamenn svara spurningum um aðgerðir í losunarmálum þá ættum við öll að leiða hjá okkur háfleyg ummæli um árangur okkar í endurnýjanlegum orkugjöfum. Sá árangur er ekki afsökun fyrir því að ganga ekki lengra og setja það fordæmi sem svo mikil þörf er á.

**Í rannsóknarniðurstöðum kemur fram að kolefnisspor Íslendinga er 55 prósentum stærra en útblástursmælingar innan landamæra landsins gefa til kynna.**




### Halldór




## Frá degi til dags

**Menningin**
Ýmislegt er gert til þess að varðveita menningu lands og þjóðar. Forsetar Íslands hafa lagt sitt af mörkum. Frú Vigdís Finnbogadóttir lagði mikla áherslu á að Íslendingar töluðu fallegt mál, Ólafur Ragnar Grímsson lagði sitt af mörkum til að kynna íslenska menningu erlendis. Og Guðni lætur sitt ekki eftir liggja. Með því að vitna í bestu dægurlagahöfunda landsins leggur hann sitt af mörkum til að halda menningarperlunum lifandi. Það gerði hann í fyrsta nýársávarpinu sínu þegar hann vitnaði í texta Helga Björnssonar. Og síðan í gær þegar hann vitnaði í texta Bubba Morthens þegar Forvarnardagurinn var kynntur. Meira svona Guðni!

**Seinagangurinn**
Kristján Þór var í sumar harðlega gagnrýndur fyrir seinagang við að auglýsa stöðu rektors MR lausa til umsóknar. Kennarar gagnrýndu seinaganginn í fjölmiðlum og nemendur brugðu á það ráð að auglýsa sjálfir eftir rektornum. Það fór þó þannig að í byrjun ágúst var loks auglýst eftir rektor MR og skólameistara FÁ. Eitthvað hefur dregist að vinna úr umsóknum því að skipa átti í stöðurnar frá 1. október en enn hefur ekkert orðið úr því. Því er spurning hvort nemendur verði aftur að auglýsa eftir niðurstöðu.
jonhakon@frettabladid.is

## Lýðræðið

2017



Sigurður Ingi Jóhannsson
formaður Framsóknarflokksins

Það er áhyggjuefni að kosningaþátttaka hefur leitað niður á við í kosningum en á sama tíma er vaxandi krafa almennings víða um heim að fá vald til að hafa áhrif á það í hvernig heimi fólk vill búa. Misskipting auðs í heiminum fer vaxandi og óánægja fólks í ólíkum löndum með þá þróun eykst. Alþjóðavæðing og tæknibylting síðasta áratuginn hafa haft margvíslegar en á stundum gjörólíkar afleiðingar á líf almennings. Þessi þróun hefur haft þau áhrif að risavaxin alþjóðafyrirtæki eru smátt og smátt að taka yfir í mjög mörgum geirum. Almenningur upplifir í auknum mæli að ákvarðanir um nærumhverfi þeirra séu teknar í stjórnum stórfyrirtækja án aðkomu almennings eða stjórnvalda á hverjum stað.

**Vilji almennings**
Krafa almennings kallaði fram vilja Íslendinga í Icesave sem snerist um að verja efnahagslegt fullveldi lands og þjóðar. Skotar greiddu einnig atkvæði um sjálfstæði fyrir nokkrum árum, Bretar um Brexit og nú eru fréttir um löngun íbúa Katalóníu á Spáni til að segja skoðun sína í atkvæðagreiðslu um sjálfstæði. Alveg óháð því hvort stjórnskipun Spánar leyfi slíka kosningu er afar misráðið af þarlendum stjórnvöldum að reyna allt til að koma í veg fyrir að fólk segi sína meiningu. Það er stjórnmálanna að leysa úr mismunandi niðurstöðu, alveg eins og í tilfelli Skota og Breta og hörmulegt að horfa upp á að stjórnvöld Spánar beiti ofbeldi til að koma í veg fyrir að vilji fólksins nái fram að ganga.

**Innan stjórnmálaflokkanna verður lýðræði grasrótarinnar að ráða för bæði um stefnu og val á frambjóðendum á lista.**

**Hér heima**
Nýlegur íbúafundur á Vestfjörðum staðfestir hvernig íbúarnir krefjast þess að hafa bein áhrif á þróun síns nærsamfélags. Innan stjórnmálaflokkanna verður lýðræði grasrótarinnar að ráða för bæði um stefnu og val á frambjóðendum á lista. Við þurfum traustan þingheim og stjórnmálamenn sem eru traustsins verðir. Nýtum réttinn til að kjósa, hvert atkvæði skiptir máli. Það er lýðræði.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kjartan Hreinn Njálsson kjaranh@frettabladid.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Bull er bull



2017
Jón Baldvin Hannibalsson
fv. formaður Alþýðuflokksins

Í annars ágætu Silfri Egils sl. sunnudag spillti Styrmir Gunnarsson skynsamlegri umræðu með því að afflytja staðreyndir um stórmál, sem varðar þjóðarhag: Auðlindagjaldsmálið. Þetta er ekki sagnfræði. Í aðdraganda kosninga skiptir miklu máli, að kjósendur hafi það á hreinu, hvaða stjórnmálaflokkar hafa staðfastlega komið í veg fyrir, að þjóðarviljinn um auðlindagjald fyrir einkaleyfi á nýtingu þjóðarauðlinda nái fram að ganga. Þessir flokkar heita Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur, með þegjandi samþykki VG.

**Staðreyndirnar eru eftirfarandi:**

1. Þegar aflamarkskerfið var lögleitt 1988, settum við jafnaðarmenn (Alþýðuflokkurinn) ákvæði um sameign þjóðarinnar í 1.gr. laganna til að girða fyrir myndun einkaeignarréttar á veiðiréttinum.

2. Þegar Halldór Ásgrímsson, sjávarútvegsráðherra Framsóknar, lagði til framsalsréttinn 1990, settum við jafnaðarmenn aftur skilyrði fyrir samþykkt þess. Við bættum við varúðarákvæði, sem enn stendur og hljóðar svo: „Úthlutun veiðiheimilda ... myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum“. Tímabundinn nýtingarréttur skyldi því hvorki mynda lögvarinn eignarrétt né bótaskyldu á ríkið, ef úthlutun veiðiheimilda yrði breytt síðar.

3. Hvers vegna var framsalið heimilað? Til þess að fullnægja öðrum megintilgangi fiskveiðistjórnunar, að draga úr sókn og auka arðsemi. Án þess hefði engin auðlindarenta myndast, sem andlag auðlindagjalds.

**Í meira en 20 ár hafa sjávarútvegsráðherrar látið líðast, að tímabundnar veiðiheimildir eru leigðar, seldar, veðsettar og jafnvel erfðar, eins og um einkaeign sé að ræða – í trássi við anda og bókstaf laganna.**

4. Hvers vegna var ekki þá þegar lagt á auðlindagjald? Vegna þess að Alþýðuflokkurinn (10 þingmenn) var eini flokkurinn, sem var fylgjandi auðlindagjaldi. En andstæðingarnir höfðu þá pottþétt rök, þótt þau féllu úr gildi síðar. Það var efnahagskreppa (1988-95), sú lengsta í lýðveldissögunni. Neikvæður hagvöxtur, aflasamdráttur, versnandi viðskiptakjör. Sjávarútvegsfyrirtækin voru sokkin í skuldir eftir fyrirhyggjulítið fjárfestingarfyllirí. Það var engin auðlindarenta til að rísa undir gjaldtöku.

5. Í Viðeyjarstjórninni (1991-95) fengum við grundvallarregluna um auðlindagjald lögfesta (kallað þróunargjald). Það dekkaði ekki samfélagskostnað sjávarútvegsins (hafnir, hafrannsóknir, landhelgisgæsla, gæðaeftirlit o.s.frv.). En það var skref í rétta átt.

6. Ef við jafnaðarmenn hefðum ekki náð að lögfesta sameignarákvæðið og forðað ríkinu frá bótaskyldu vegna síðari breytinga, væri málið fyrir löngu tapað. Einkaeignarrétturinn væri þá áreiðanlega fyrir löngu dómhelgaður og lögvarinn. Það kemur því úr hörðustu átt, þegar okkur jafnaðarmönnum er borið á brýn að hafa brugðist í þessu máli. Staðreyndirnar tala sínu máli. Við erum eini flokkurinn, sem stóðum vaktina í nafni þjóðarhagsmuna í erfiðri varnarbaráttu við sérhagsmunaaðila.

7. Ríkisstjórn Íslands er ekki fjölskipað stjórnvald. Sjávarútvegsráðherrar hafa seinasta orðið í sínum málaflokki. Í meira en 20 ár hafa sjávarútvegsráðherrar látið líðast, að tímabundnar veiðiheimildir eru leigðar, seldar, veðsettar og jafnvel erfðar, eins og um einkaeign sé að ræða – í trássi við anda og bókstaf laganna. Þeir heita: Þorsteinn Pálsson, Árni Mathiesen, Einar Guðfinnsson, Steingrímur J. Sigfússon, Gunnar Bragi Sveinsson og Sigurður Ingi Jóhannsson. Gleymi ég einhverjum? Það tekur því ekki að nefna núv. starfsstjórn, sem er að pakka saman. En eitt er víst: Þetta voru ekki jafnaðarmenn. Styrmir kannast e.t.v. betur við þá sem „innvígða og innmúraða“.

„Follow the money“, segir Kaninn. Þótt LÍÚ hafi að vísu skipt um kennitölu (SFS) er eitt óbreytt: Þeir gera enn út Sjálfstæðisflokkinn og Framsókn fyrir kosningar (og gauka lítilræði að VG, að sögn). Og borga hallareksturinn af daglegum sögufölsunum Morgunblaðsritstjórans með glöðu geði, því að þeir vita, að það eru smáaurar í samanburði við þá tugi milljarða, sem fjármagnseigendur hafa fengið í sinn hlut fyrir einkaleyfið til að nýta sameiginlega auðlind þjóðarinnar í skjóli pólitísks valds.

Það eru kosningar fram undan. Ætlar þjóðin að láta það um sig spyrjast, að þjóðarviljinn verði hundsaður, einu sinni enn? Til þess eru vítin að varast þau. Því að það er hverju orði sannara, sem haft er eftir skúrunum í stjórnarráðinu: Gólfið verður aldrei hreinna en vatnið í fötunni.

www.ils.is 569 6900 08:00–16:00

## Almennar íbúðir

Opið fyrir umsóknir um stofnframlög, síðari úthlutun 2017

Íbúðalánasjóður

**Auglýst er eftir umsóknum um stofnframlög ríkisins til byggingar eða kaupa á almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2016 og reglugerð nr. 555/2016.**

Markmið laga um almennar íbúðir er að bæta húsnæðisöryggi fjölskyldna og einstaklinga, sem eru undir tekju- og eignamörkum við upphaf leigu, með því að auka aðgengi að öruggu og viðeigandi leiguhúsnæði og stuðla að því að húsnæðiskostnaður sé í samræmi við greiðslugetu leigjenda.

Stofnframlög eru veitt til byggingar og kaupa á almennum íbúðum til að stuðla að því að í boði verði leiguíbúðir á viðráðanlegu verði fyrir þá sem þurfa á því að halda, þ.m.t. fyrir námsmenn, ungt fólk, aldraða og fatlaða.

**Við mat á umsóknum er lögð sérstök áhersla á eftirfarandi þætti:**

- Nýbyggingar og fjölgun leiguíbúða.
- Íbúðir á svæðum þar sem þörf er fyrir leiguíbúðir fyrir leigjendur undir tekju- og eignamörkum.

**Auk þess verður lögð áhersla á:**

- Hagkvæmar íbúðir hvað stærð og herbergjafjölda varðar, sbr. viðmiðunarstærðir.
- Hagkvæmar aðferðir við íbúðabyggingar í því skyni að lækka byggingarkostnað.
- Hugvitsamlegar lausnir og góða hönnun.
- Íbúðir sem uppfylla þarfir íbúa á hverju svæði.
- Íbúðir sem uppfylla mismunandi þarfir ólíkra hópa.
- Að stuðla að fjölbreyttri samsetningu íbúa og félagslegri blöndun.

**Viðmiðunarstærðir**
Við úthlutun verður horft til þess að íbúðir séu að jafnaði ekki stærri en eftirfarandi tafla segir til um:

| Fjöldi herbergja | Hámarksstærðir m.v. herbergjafjölda |
|---|---|
| Einstaklingsíbúð | 50 m² |
| 2ja herbergja íbúð | 60 m² |
| 3ja herbergja íbúð | 80 m² |
| 4ra herbergja íbúð | 95 m² |
| 5 herbergja íbúð | 110 m² |

Fjárhæð til úthlutunar í síðari úthlutun ársins 2017 er að hámarki 1.000 milljónir.

Nauðsynlegt er að sækja jafnframt um stofnframlag hjá því sveitarfélagi þar sem viðkomandi íbúð er staðsett, og er samþykki sveitarfélagsins eitt af skilyrðum fyrir veitingu stofnframlags ríksins.

Umsóknum skal skila á rafrænu formi á heimasíðu sjóðsins. Umsóknarfrestur er til og með 31. október 2017. Umsókn sem berst eftir að umsóknarfrestur rennur út verður ekki tekin til umfjöllunar.

**Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Íbúðalánasjóðs, www.ils.is.**

**Umsóknarfrestur:**
31. október 2017



# Kom aldrei til greina að hætta í boltanum

**Guðjón Pétur Lýðsson greindist með sáraristilbólgu fyrir nokkrum árum sem hafði mikil áhrif á feril hans. Hann vann bug á meininu með breyttu mataræði. Álftnesingurinn segist vera mjög vanmetinn knattspyrnumaður.**

**FÓTBOLTI** Álftnesingurinn Guðjón Pétur Lýðsson átti frábært tímabil með Íslandsmeisturum Vals í sumar. Hann er búinn að vera lengi í bransanum og gengið í gegnum ýmislegt og fyrsti Íslandsmeistaratitill hans var því sætur.

Síðustu ár hafa ekki verið auðveld fyrir Guðjón Pétur því hann greindist með sáraristilbólgu fyrir nokkrum árum og því var tvísýnt með framhaldið í boltanum.

### Barátta í tvö ár

„Er ég kom heim frá Svíþjóð þá greindist ég með þennan sjúkdóm. Það er smá vesen. Ég þurfti að berjast við hann í um tvö ár og hef ekki fundið fyrir neinu síðan,“ segir Guðjón en þetta er bólga í yfirborðsslímhúð ristils sem veldur þar sárum og blæðingum. Sjúkdómurinn er langvarandi og kemur í köstum en þess á milli er sjúklingur einkennalaus. Köstin einkennast af blóðugum, slímkenndum niðurgangi með eða án magaverkja að því er fram kemur á doktor.is.

„Það hefur verið hörð vinna hjá mér að komast aftur á sama stað og ég var í boltanum fyrir veikindin og það hefur tekist. Síðustu ár hafa verið mjög góð en þetta var ekki gaman. Það þurfti mikið til að komast í gegnum þetta. Ég þurfti mikla hjálp með mataræðið á þessum tíma og það gerði gæfumuninn.“

### Mataræðið gerði gæfumuninn

Þetta er sami sjúkdómur og Darren Fletcher, fyrrverandi leikmaður Man. Utd, var að glíma við en hann komst í gegnum það eins og Guðjón Pétur.

„Þetta lýsir sér þannig að maður nær ekki að stýra eigin hægðum og það er erfitt að halda mat niðri. Þar af leiðandi verður mikill næringarskortur og orkuleysi. Ég held það geti ekki margir stundað íþróttir sem eru að glíma við þetta en mér tókst það. Ég samdi við Lukku í Happ og fékk mat á hverjum einasta degi. Ég borðaði hollt og vel. Það gerði meira fyrir mig en einhver lyf sem stöðvuðu þetta á sínum tíma en mataræðið var það sem skipti máli,“ segir miðjumaðurinn en íhugaði hann á einhverjum tímapunkti að hætta í fótbolta er veikindin voru hvað verst?

### Fór að huga að öðru

„Ég var aldrei á því að hætta þó svo ég fengi það frá læknunum að ég ætti að fara að huga að öðrum hlutum. Ég gerði það reyndar og fór að undirbúa aðra hluti í lífinu en fótbolta. Ég fór að smíða og stofnaði tvö fasteignafélög. Fótboltinn á samt allan minn hug og þetta er í raun fyrsta sumarið eftir veikindin sem ég gerði ekkert annað en að spila fótbolta.“

Það er uppgangur hjá Guðjóni og Valsmönnum og hann er strax orðinn spenntur fyrir komandi tímabili á Hlíðarenda.

„Vonandi gefum við í og fáum fleiri toppleikmenn og náum að gera betur í Evrópukeppni,“ segir Guðjón en var þetta hans besta tímabil í boltanum?

### Grín að ég sé ekki í liði ársins

„Nei. Ég hef átt mörg góð tímabil en held ég fái ekki alltaf athyglina því ég er svo mikið í stoðsendingunum og hjálparsendingunum sem leiða að marki. Ég vil meina að ég sé svolítill Iniesta. Það var ekki vitað að hann væri góður fyrr en hann var orðinn 28 ára. Markmiðið hefur alltaf verið að koma að í kringum 15-20 mörkum. Ég held ég hafi komið að 19 mörkum í sumar og kom að 21 marki hjá Blikum á sínum tíma þannig að ég hef átt nokkur góð tímabil. Ég held ég sé mjög vanmetinn og það er grín að ég sé ekki í liði ársins í Pepsi-mörkunum en það er gott grín.“

henry@frettabladid.is

## Tímabilin hjá Guðjóni Pétri í úrvalsdeild:

| Ár | Félag | Sæti | Leikir | Mörk | Stoðsendingar |
|---|---|---|---|---|---|
| 2017 | Valur | 1. sæti | 22 leikir | 8 mörk | 7 stoðsendingar |
| 2016 | Valur | 5. sæti | 22 leikir | 4 mörk | 2 stoðsendingar |
| 2015 | Breiðablik | 2. sæti | 20 leikir | 4 mörk | 6 stoðsendingar |
| 2014 | Breiðablik | 7. sæti | 19 leikir | 7 mörk | 5 stoðsendingar |
| 2013 | Breiðablik | 4. sæti | 20 leikir | 6 mörk | 7 stoðsendingar |
| 2012 | Valur | 8. sæti | 20 leikir | 1 mark | 1 stoðsending |
| 2011 | Valur | 5. sæti | 17 leikir | 8 mörk | 4 stoðsendingar |
| 2010 | Haukar | 11. sæti | 21 leikur | 3 mörk | 2 stoðsendingar |

> Ég held ég sé mjög vanmetinn og það er grín að ég sé ekki í liði ársins í Pepsi-mörkunum en það er gott grín.
>
> Guðjón Pétur Lýðsson



Á fullri ferð. Guðjón Pétur er hér í leik með Valsmönnum í sumar en hann kom að ansi mörgum mörkum liðsins í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Fólk
Heilsa
ÞRIÐJUDAGUR 3. OKTÓBER 2017

# Florealis – Nýjung á markaðnum

Vistor hf. kynnir: Florealis er íslenskt lyfjafyrirtæki sem þróar og markaðssetur jurtalyf og lækningavörur með viðurkennda virkni, við ýmsum vægum sjúkdómum. →2



LÍFRÆNT NAMMI
FYRIR ÞIG OG BARNIÐ ÞITT




- GLÚTENFRÍTT
- ÁN GERVIEFNA

www.vitta.is

Framhald af forsíðu ➺

Florealis er íslenskt lyfjafyrirtæki sem þróar og markaðssetur jurtalyf og lækningavörur við ýmsum vægum sjúkdómum,“ segir Guðný Traustadóttir, markaðstengill hjá Vistor hf. „Fyrstu vörurnar eru komnar í helstu apótek á Íslandi og snemma á næsta ári munu þær fást í apótekum í Svíþjóð.“

## Fjölbreytt vöruúrval

Framboð Florealis verður mjög fjölbreytt en nú eru komnar á markaðinn fjórar lækningavörur sem eiga það sameiginlegt að hafa virk innihaldsefni úr jurtum. Vörulínan er byggð upp með það að markmiði að bjóða upp á valkost sem byggir á virkum efnum úr náttúrunni en jafnframt að tryggja gæði, öryggi og virkni vörunnar.

Flest höfum við fundið fyrir ýmiss konar óþægindum eða vægum veikindum sem draga þó úr lífsgæðum. Markmið Florealis er að fólk geti fengið gæðavörur við hæfi til að draga úr þessum óþægindum og lágmarkað röskun á daglegu lífi.

Florealis lækningavörur.







» Nú eru komnar á markaðinn fjórar nýjar lækningavörur sem eiga það sameiginlegt að hafa virk innihaldsefni úr jurtum.




Rosonia froða.

## Vörur fyrir konur sem þjást af óþægindum á kynfærasvæði:

- Rosonia - Froða fyrir kynfærasvæði. Froðan er ætluð til meðferðar á óþægindum og sýkingum á ytri kynfærum (bakteríu-, veiru- og sveppasýkingum).
- Rosonia myndar virkan varnarhjúp sem heldur örverum frá sýkta svæðinu og gefur slímhúðinni tækifæri til að endurnýja sig. Froðan inniheldur jurtaútdrátt úr skógarstokksrós (mallow) sem er ríkur af næringarefnum, er rakagefandi og hjálpar við uppbyggingu vefja.
- Rosonia er CE merkt lækningavara.




Liljona mjúk hylki í leggöng.

- Liljonia mjúk hylki í leggöng. Hylkin eru ætluð til meðferðar á sýkingum í leggöngum (bakteríu-, veiru- og sveppasýkingum). Hylkin leysast upp og mynda einstakan varnarhjúp gegn örverum sem veitir slímhúðinni svigrúm til að endurnýja sig.
- Liljonia er CE merkt lækningavara.
- Nota má Rosonia og Liljonia saman til að vinna á óþægindum ef sýking er bæði á ytri kynfærum og inni í leggöngunum.

Eitt af virku efnasamböndunum í vörunum eru TIAB silfurjónir sem eru örveruhemjandi og mynda varnarhimnu yfir sýkta svæðið og hindra þannig að sýkingin dreifist. Varnarhimnan myndar þannig ákjósanlegar aðstæður fyrir gróanda og endurnýjun húðarinnar.

## Fleiri vörur frá Florealis á næstunni

„Fleiri vörur eru á leiðinni frá Florealis í haust,“ segir Guðný. Við erum mjög spennt fyrir því að fyrsta jurtalyfið sem hefur hlotið skráningu á Íslandi er væntanlegt í nóvember en það heitir Lyngonia og er með jurtaútdrátt úr sortulyngi. Það er við vægum endurteknum þvagfærasýkingum hjá konum. Einnig er von á geli við leggangaþurrki og rýrnun í slímhúð í leggöngum. Í gelinu er jurtaútdráttur úr rauðsmára.

## Náttúrulegar lausnir

Um gjörvalla Evrópu er fólk í auknum mæli að leita í náttúrulegar lausnir hvort sem um er að ræða matvæli, fatnað, lyf eða lækningavörur. Í árþúsundir hefur maðurinn leitað í jurtir til að lækna ýmsa algenga sjúkdóma og á síðustu árum hefur orðið mikil þróun á því sviði.

## Auknar kröfur um gæði og öryggi

Kolbrún Hrafnkelsdóttir lyfjafræðingur er forstjóri Florealis en hún hefur áralanga reynslu úr lyfjaþróun. „Í jurtum og náttúrunni eru ótal mörg efni sem hafa vísindalega sannaða virkni við ýmsum sjúkdómum og sagan segir okkur að fólk hafi nýtt sér það um aldir. Með aukinni þekkingu koma auknar kröfur um gæði og öryggi sem við höfum haft að leiðarljósi í allri okkar vinnu,“ útskýrir Kolbrún.

Evrópska lyfjamálastofnunin hefur gefið út staðla og lyfjaforskriftir fyrir viðurkennd jurtalyf og á þeim grunni er Florealis að koma með á markað þrjú jurtalyf og fimm lækningavörur að auki.

Florealis vörurnar fást í helstu apótekum. www.florealis.com, https://www.facebook.com/florealis/






## Húðvörur:

- Aleria bólukrem. Kremið er ætlað til meðferðar á bólum og óhreinindum í húð. Kremið hefur bakteríudrepandi eiginleika auk þess sem það flýtir fyrir endurnýjun húðarinnar og veitir næringu og raka.
- Aleria er CE merkt lækningavara.




Aleria bólukrem.

Liljeria frunsukrem.




- Liljeria frunsukrem. Kremið er ætlað til meðferðar við frunsum.
- Liljeria myndar virkan varnarhjúp sem kemur í veg fyrir að sýkingin dreifi sér, dregur úr einkennum (kláða og sviða) og gefur húðinni tækifæri til að gróa hraðar.
- Liljeria er CE merkt lækningavara.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 3. OKTÓBER 2017



Þegar kemur að öryggi gerir enginn betur en Volvo. Það er jú meiningin að árið 2020 látist enginn í Volvo-bíl og allt hvað varðar öryggisbúnaðinn í þessum bíl vekur athygli.

# Frábært næsta útspil Volvo

Mest selda bílgerð Volvo er nú komin af nýrri kynslóð og ef XC90 hefur vakið athygli ætti þessi bíll enn frekar að gera það. Hann er með sömu drifrásum og XC90 og því sneggri, en líka betri. →6





Audi Quattro bíllinn sem boðinn var upp í Bretlandi.

## 28 ára Audi Quattro seldist á 10,5 milljónir

Það eru yfirleitt gamlir Ferraribílar sem seljast á himinháar upphæðir í uppboðshúsum heimsins, en minna um að gamlir Audi-bílar seljist fyrir mikið fé. Audi Quattro bíll, sem aðeins hefur verið ekið 51.857 kílómetra og er í frábæru ástandi, seldist þó á 72.050 pund á Classic Car Auctions uppboðinu í Bretlandi fyrir skömmu. Það samsvarar um 10,5 milljónum króna. Það var helmingi hærra verð en búist hafði verið við að greitt yrði fyrir bílinn sem er af árgerð 1989.

Hann er með 2,2 lítra og fimm strokka vél sem skilar 217 hestöflum til hjólanna. Hámarkshraði hans er 230 km/klst. sem þótti gott. Bæði ytra og innra byrði bílsins er í svo til óaðfinnanlegu ástandi og skýrir það að hluta til hátt verðið. Þar sem ekki voru framleiddir svo margir Audi Quattro bílar má búast við hækkandi verði svona bíla í slíku standi. Audi Quattro á glæsta sögu í rallakstri og var nánast ósigrandi í mörg ár.

## 707 hestafla Chrysler 300 Hellcat 2018

Dodge Charger og Challenger voru fyrstu bílar Fiat Chrysler bílasamsteypunnar sem fengu hina gríðaröflugu 707 hestafla Hellcat vél. Jeep Grand Cherokee Trackhawk fylgdi svo í kjölfarið og nú hefur verið upplýst að fjórði bíllinn bætist við, þ.e. Chrysler 300 Hellcat.

Ekki verður langt að bíða þess bíls, en hann á að koma á markað strax á næsta ári.

Chrysler 300 verður svo kynntur af nýrri kynslóð árið 2019 og þá mun bíllinn léttast mikið milli kynslóða, breytast talsvert í útliti og ef til vill fá fjögurra strokka vél sem valkost.

Chrysler 300 hefur verið á sama undirvagni allar götur frá árinu 2004 og hefur aðeins fengið eina andlitslyftingu frá þeim tíma.



Oft var Nissan Leaf bíllinn hlaðinn við frumstæðar aðstæður.

# Fóru í 12 þúsund km ferðalag á Nissan Leaf

Frá Skotlandi til Ulan Ude í Rússlandi, í gegnum 13 lönd og hlóðu bílinn 111 sinnum.

Í fjölmiðlum hér á landi hefur nokkuð verið um það rætt nýlega að enn sé ekki tímabært að fjárfesta í rafbílum þar sem þeir séu ekki tilbúnir og því eigi fólk ekki að hugsa um þá á næstu árum. Á þessum efasemdaröddum vakti m.a. Sigurður Ingi Friðleifsson athygli í grein sem birtist á visir.is 25. september undir yfirskriftinni „Ekki kaupa rafbíl“, þar sem hann benti jafnframt á fjölmargar gagnstæðar staðreyndir sem mæla einmitt með því að fleiri ökumenn taki rafbíla í notkun. Því hefur t.d. oft verið haldið á lofti að ekki sé hægt að fara í langt ferðalag á rafbíl þar sem ekki sé boðið upp á hleðslustöðvar utan höfuðborgarsvæðisins. Þetta hefur breyst því þeim fjölgar mjög hratt þessa dagana og er nú t.d. vel hægt að aka til Akureyrar þar sem hægt er að hlaða bílana á nokkrum stöðum á leiðinni norður.

### Frá Skotlandi til Ulan-Ude í Rússlandi

En kannski myndu ekki allir leggja í 12.000 kílómetra ferðalag frá Skotlandi til Ulan-Ude í Rússlandi á hreinum rafbíl, en það gerðu þau engu að síður hjónin Chris og Julie Ramsey sem fóru á Nissan Leaf í „Mongol Rally“ sem Chris stofnaði fyrir nokkrum árum í æfingaskyni. Ferðalaginu lauk 9. september í Ulan-Ude og í stuttu máli sagt gekk þeim mjög vel, engin teljandi vandamál komu upp og Leaf-inn stóð sig eins og hetja. Þau eru nú á leið til baka heim til Skotlands. Áður en ferðalagið hófst var bíllinn settur á alhliðadekk (all-terrain) auk þess sem álplata var sett á undirvagninn til að hlífa honum við skemmdum af völdum grjóts á misjöfnum vegunum. Þá var toppgrind sett á þakið fyrir farangur, aftursætið fjarlægt og sitthvað fleira gert til undirbúnings.

### Hlaðinn 111 sinnum

Keppnin hófst 16. júlí og var ekið um þrettán lönd áður en komið var í endamark þann 9. september í Ulan-Ude í Síberíu sem er skammt frá landamærum Mongólíu. Þá höfðu Chris og Julie hlaðið bílinn 111 sinnum í mislangan tíma og sums staðar við vægast sagt frumstæðar aðstæður eins og sjá má á mynd með fréttinni. Chris áætlar að rafmagnskaupin hafi kostað í kringum 100 sterlingspund. Að lokinni keppni var bíllinn settur um borð í járnbrautalest á leið til Eistlands þaðan sem þau aka 4.000 kílómetra leið heim til Aberdeen þangað sem þau eru væntanleg núna um mánaðamótin. Þá sem langar að taka þátt í næsta Mongol Rally geta skráð sig á theadventurist.com.




# Land Rover smíðar fólksbíl

Porsche smíðaði löngum einungis sportbíla en hóf svo smíði jeppa og jepplinga. Ef marka má fréttir úr herbúðum Land Rover þá ætlar fyrirtækið að feta sömu stigu, en bara öfugt. Land Rover er þekkt fyrir smíði torfæruhæfra jeppa og jepplinga, en nú hljóma áætlanir fyrirtækisins upp á smíði fólksbíls. Hann á reyndar að hafa einhverja hæfni til að glíma við minniháttar torfærur. Þessi bíll á að vera smíðaður á sömu botnplötu og Jaguar XJ, stærsti fólksbíll Jaguar, og verður því væntanlega fremur



Land Rover Discovery.

stór bíll. Að auki á hann að verða hlaðinn lúxus og eingöngu drifinn áfram af rafmagni.

Þessum bíl verður í fyrstu ætlaður markaður í Bandaríkjunum, þá helst Kaliforníubúum og svo í Kína. Heyrst hefur að bílinn eigi að kynna á LA Motor Show árið 2019 og að hann muni kosta um 100.000 dollara og verður því ekki beint á færi almúgans. Miðað við lýsinguna á þessum fyrirætlaða bíl Land Rover mun hann helst eiga í samkeppni við bíla eins og Volvo V90 Cross Country og Audi A6 Allroad, en talsverður markaður er fyrir slíka bíla. Hann gæti samt orðið hátt í helmingi dýrari.

BÍLAR
www.visir.is/bilar
Auglýsingar:
Atli Bergmann
atlib@365.is, Sími 512 5457
Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is
Útgáfufélag: 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000






ALLGRIP

4WD All-grip skapar aksturseiginleika í sérflokki.

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

## Renault sigursælt í Formúlu rafbíla

Keppnislið Renault í Formúlu E, keppnisgrein FIA fyrir rafknúna keppnisbíla, fór með sigur af hólmi þriðja árið í röð, en Renault hefur unnið á hverju ári síðan keppnisgreinin var sett á laggirnar árið 2015. Í fyrra tók Renault e.dams tvo titla þegar teymi Renault var kjörið keppnislið ársins 2016 og Sébastien Buemi ökuþór ársins. Buemi var aðeins einu stigi frá því að verða stigahæsti ökumaðurinn á fyrsta keppnisárinu í Formúlu E, þ.e. árið 2015. Keppendur Renault eru staðráðnir í að taka báða titlana aftur á næsta ári þegar fjórða vertíðin hefst, en víst er að samkeppnin verður harðari þá þar sem nokkur lið frá öðrum bílaframleiðendum hafa boðað þátttöku á næsta ári.

## Volvo mun smíða XC90 í Bandaríkjunum

Volvo er nú að byggja verksmiðju í S-Karolínu í Bandaríkjunum og meiningin í fyrstu var að smíða þar nýju kynslóðina af Volvo XC60 jepplingnum. Starfsemi í verksmiðjunni, sem er fyrsta verksmiðja Volvo í Bandaríkjunum, á að hefjast haustið 2018. Volvo hefur nú ákveðið að smíða þar einnig XC90 jeppann af næstu kynslóð hans sem koma skal árið 2021. Þessi ákvörðun kemur ef til vill ekki á óvart í ljósi þess að nú er XC90 jeppinn mest selda bílgerð Volvo í Bandaríkjunum.

Þeir XC90 bílar sem seljast nú svo vel vestanhafs eru smíðaðir í Torslanda í Svíþjóð og því mætti heilmikið spara með því að smíða bílinn í Bandaríkjunum.

Volvo mun bæta við 1.200 milljóna króna fjárfestingu í verksmiðjunni vegna smíði XC90 og fjölga starfsmönnum frá fyrirhuguðum 2.000 starfsmönnum í 3.900.


Hyundai Kona sportjeppinn.

# Huyndai á fleygiferð inn á verðmætalistana

**Er í 35. sæti á lista yfir 40 verðmætustu fyrirtæki heims og er nú sjötti verðmætasti bílaframleiðandinn. Seldu alls um fimm milljónir ökutækja á síðasta ári. Vinnur að því að styrkja stöðu sína á jepplingamarkaðnum.**

Hyundai Motor er í 35. sæti á lista yfir 40 verðmætustu fyrirtæki heims þriðja árið í röð. Fyrirtækið er nú metið á 13,2 milljarða Bandaríkjadala sem er hækkun um 5,1% frá fyrra ári. Hyundai er nú sjötti verðmætasti bílaframleiðandi heims samkvæmt alþjóðlega greiningarfyrirtækinu Interbrand. „Við leggjum áherslu á að kynna okkur sem lífsstílsfyrirtæki frekar en bílaframleiðanda við ímyndaruppbyggingu Hyundai sem gæðaframleiðanda. Sú stefnumörkun hefur aflað okkur nýrra tækifæra á neytendamarkaði þar sem krafist er mikilla gæða og tækniframfara fyrir sanngjarnt verð,“ sagði Wonhong Cho, framkvæmdastjóri markaðsmála Hyundai, í tilefni af birtingu skýrslu Interbrand.

### Kona á markað

Alls seldi Hyundai Motor tæpar 4,9 milljónir ökutækja á síðasta ári, fleiri en margir helstu framleiðenda heims og hefur fyrirtækið fjórfaldað söluna síðan 2005. Auk þess að varðveita gott orðspor fyrirtækisins meðal neytenda með sölu á áreiðanlegum, hagkvæmum og sparneytnum bílum vinnur Hyundai einnig að því að styrkja stöðu sína frekar á jepplingamarkaði með nýja sportjeppanum Kona sem fengið hefur mjög góðar móttökur hjá viðskiptavinum fyrirtækisins. Nú þegar eru komnar meira en tíu þúsund pantanir í Kona. Þá hefur Hyundai einnig sett i30 á markað í sérstakri sportútgáfu sem ber heitið i30N sem án efa á eftir að láta að sér kveða í alþjóðlega ökusportinu sem er fram undan.

### Mikil gerjun hjá Hyundai

Mikið þróunarstarf á sér stað um þessar mundir hjá Hyundai á sviði sjálfbærra samgangna og hyggst fyrirtækið kynna fimmtán græna bíla fyrir árið 2020.

Liður í því markmiði er Ioniq sem kom á markað fyrr á þessu ári og fljótlega er svo von á nýjum og rafknúnum vetnisbíl. Enn fremur vinnur Hyundai að þróun sjálfakandi bíla sem von er á innan fárra ára.




JEPPADEKK
fyrir felgustærðir 15 - 16 - 17 - 18 og 20 tommur
Sumar stærðir eru fáanlegar sem burðardekk (D,E).
Icetrack ehf. Sími 773 4334 · mtdekk@mtdekk.is
www.mtdekk.is



Ný kynslóð Audi A6.

# Audi heldur tryggð við dísilvélar í næstu kynslóð

Þó svo Porsche hafi uppi áform um að hætta að bjóða bíla sína með dísilvélum á það sama ekki við um systurfyrirtækið Audi. Audi er nefnilega að hugleiða að bjóða næstu kynslóð Audi S6 og S7 bíla sinna með dísilvélum. Audi hefur náð mikilli sölu á SQ5 og SQ7 bílum sínum sem búnir eru öflugum dísilvélum, en SQ5 var fyrsti bíll sportdeildar Audi sem búinn var dísilvél og því var fylgt eftir með því að bjóða SQ7 jeppann með enn öflugri 435 hestafla dísilvél.

BMW býður einnig M550d xDrive bíl sinn með öflugri dísilvél og selst hann líka vel. Stutt er víst í það að Audi muni sýna nýja kynslóð A6 og A7 bíla sína og verða öflugri S-gerðir þeirra fyrst í boði með bensínvélum og svo er líklegt talið að þeir verði einnig í boði með öflugum dísilvélum. Ef af því verður er ekki líklegt að V8 TDI vélin úr Audi SQ7 verði í S6 og S7 bílunum þar sem hún er of stór fyrir þá og kemst einfaldlega ekki fyrir í þeim. Líklegra er að 3,0 lítra bi-TDI V6 vélin verði í þeim, en nú er sú vél 326 hestöfl, en líklegt má telja að Audi útbúi hana í enn öflugri búningi.




# Taktu Krók á leiðarenda

Krókur  er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:
• Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

**KRÓKUR**
*á þinni leið*

Suðurhraun 3, 210 Garðabær

# BÍLAR

KOSTIR OG GALLAR

## VOLVO XC60

- FJÓRHJÓLADRIF
- 2,0 LÍTRA BENSÍNVÉL OG RAFMÓTORAR
- 407 HESTÖFL

**Eyðsla frá:** 2,1 l/100 km í blönduðum akstri
**Mengun:** 49 g/km CO2
**Hröðun:** 5,3 sek.
**Hámarkshraði:** 230 km/klst.
**Verð frá:** 7.490.000 kr.
**Umboð:** Brimborg

- Útlit
- Innanrými
- Akstureiginleikar
- Hljóðlátur

- Útsýni gegnum framrúðu
- Plastnotkun í stokki milli framsæta

Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is



Volvo XC60 jepplingurinn hefur verið mest seldi bíll Volvo í nokkurn tíma svo það er mikilvægt fyrir Volvo að misstíga sig ekki við gerð nýrrar kynslóðar hans, sem nýlega var kynnt heimsbyggðinni. Nær þriðji hver bíll sem Volvo selur er af gerðinni XC60.

Volvo hefur reyndar lukkast afar vel að útfæra nýja bíla sína undanfarið og hafa Volvo XC90 jeppinn og Volvo S/90 og V90 fólksbílar Volvo fengið fádæma góðar viðtökur síðan þeir voru kynntir af nýrri kynslóð. Það var því við góðu að búast í Barcelona þangað sem bílablaðamönnum var hóað saman til að reyna gripinn nýja í sumar. Þegar ný kynslóð Volvo XC90 jeppans var kynnt fyrir um tveimur árum þótti hann hrikalega vel heppnaður og fallegur bíll og því var ef til vill ekki nema von að Volvo leitaði í sömu smiðju hvað útlit XC60 varðar og því er ekki að neita að nýr XC60 er dálítið sem smækkuð mynd hans. Svo sem ekki leiðum að líkjast.

XC60 er ekki með nema 12 cm styttra milli hjóla en XC90 og hefur hjólhafið lengst um 9 cm á milli kynslóða á XC60. Bíllinn virðist allur stærri en forverinn og það sannast þegar inn í hann er komið. Mun lengra húdd ýtir undir þau áhrif að bíllinn sé allmiklu stærri.

### Fágun og fegurð við völd

Líkt og með XC90 jeppann er fegurðin við völd í innanrými XC60, ekkert til sparað í efnisvali og sami skandínavíski mínímalisminn svífur yfir vötnunum. Allt er svo fágað, vel frágengið og á svo réttum stað. Leðurinnréttingin í bílnum ber með sér ríkmannlegan blæ og bæði framsætin og aftursætin eru frábær og veita framsætin fyrirmyndar stuðning. Höfuðpúðarnir í aftursætunum eru háir og eiga greinilega að vernda farþegana vel, en þegar kemur að öryggi gerir enginn betur en Volvo. Það er jú meiningin að árið 2020 látist enginn í Volvo-bíl og allt hvað varðar öryggisbúnaðinn í þessum bíl, sem og hverjum nýjum Volvo, er í þá áttina. Volvo XC60 er á botnplötu sömu gerðar og í XC90 og fjöðrunarbúnaðurinn er svo til sá sami. Hægt er reyndar að fá loftpúðafjöðrun, en panta þarf slíkt sérstaklega. En það er fleira sem XC60 á sameiginlegt með XC90, en það eru vélarnar og í báðum gerðum er Aisin 8 gíra sjálfskipting með öllum vélargerðum og beinskipting ekki í boði.

### Fimm vélarkostir – mikil akstursthæfni

Vélarúrvalið samanstendur af T5 og T6 bensínvélunum, 254 og 320 hestafla, T8 bensínvél með rafmótorum að auki, 407 hestafla og D4 og D5 dísilvélunum, 190 og 230 hestafla. Samtals 5 vélarkostir og allir tengdir við 8 gíra sjálfskiptinguna. Með T8 Twin Engine drifrásinni er bíllinn aðeins 5,3




Með Volvo XC60 er kominn skæður keppinautur bíla eins og Audi Q5, BMW X3, Mercedes Benz GLC, Porsche Macan og Lexus NX




**Vélarúrvalið samanstendur af T5 og T6 bensínvélunum, 254 og 320 hestafla, T8 bensínvél með rafmótorum að auki, 407 hestafla og D4 og D5 dísilvélunum, 190 og 230 hestafla. Samtals 5 vélarkostir og allir tengdir við 8 gíra sjálfskiptinguna.**



# BÍLAR

sekúndur í hundraðið og sneggri en XC90 með sömu drifrás þar sem bíllinn er talsvert léttari. Svona tölur eiga fremur við sportbíla en sportjeppa og er XC60 T8 fyrir vikið alger raketta. Reyndar telst engin þessara véla neinn letingi og engar þeirra skortir afl. Var það reynt í akstrinum í Barcelona.

Það verður að segjast að akstursgeta og hegðun XC60 sé enn betri en í XC90 og svo virðist sem Volvo hafi heilmikið lært á milli tilkomu þessara tveggja bíla. Reyndar hefur heyrst að sú reynsla muni síðan einnig skila sér í nýrri árgerðum af XC90 jeppanum. Rásfesta og akstursgeta XC60 er fjári góð og verður að hrósa Volvo fyrir hve vel hefur tekist að setja upp fjöðrun bílsins. Bíllinn er svo hæfilega stífur en samt þægilegur og alveg var sama hvort bíllinn var stilltur í Comfort, Dynamic, Off Road eða Eco akstursstillingar, hann var alltaf þægilegur en tilbúinn til átaka.

Hér er því kominn hrikalega hæfur akstursbíll sem slær út stóra bróðurnum XC90 og mörgum bílum keppinautanna í leiðinni.

### XC60 T8 er vörugjaldslaus

Þegar velja skal um hvaða gerð Volvo XC60 sé best að kaupa er rétt að hafa í huga að skattalegrar ívilnunar nýtur fyrir tengiltvinnbíla sem menga undir 50 g/km og það á við XC60 T8. Því fæst með þeirri gerð öflugasta og best búna útfærsla bílsins á aðeins 700.000 krónum meira en þeirri ódýrustu. Engin vörugjöld eru greidd af þeim bíl. Ódýrasta gerð XC60 er með aflminni dísilvélinni og kostar 6.790.000 krónur en XC60 T8 með öskrandi 407 hestafla drifrás kostar 7.490.000 kr.

Hafa má einnig í huga þann sparnað sem af því hlýst á líftíma bílsins að þurfa örsjaldan að fylla bílinn af eldsneyti, því rafmagnið dugar eitt flesta daga ársins. Þessi T8 gerð bílsins verður þó ekki alveg strax í boði en ætti að fást öðrum hvorum megin við áramótin. Með Volvo XC60 er kominn skæður keppinautur bíla eins og Audi Q5, BMW X3,



Stokkurinn í miðju bílsins vekur athygli en hann þykir heldur fyrirferðarmikill og of mikið plast í honum.



Bíllinn er mjög hljóðlátur og því er hægt að hækka vel í fallegri og hljómþýðri rokktónlist sem yljar að morgni.




Lincoln Continental árgerð 2018.

# Lincoln slær í gegn

## Viðskiptavinir sem ætluðu að kaupa Continental kaupa á endanum ódýrari Lincoln-bíla. Setja BMW upp í kaupin.

Lincoln, lúxusbílaarmur Ford hefur ekki gengið sem best í sölu bíla sinna á þessum áratug og hefur verið með að meðaltali um 0,6% markaðshlutdeild á bandarískum bílamarkaði þennan áratug. Lincoln má muna fífil sinn fegurri, en fyrirtækið var með 1,5% hlutdeild árið 1991 og var alltaf vel yfir 1% markinu 15 síðustu ár síðustu aldar.

Nú er þó ljós í myrkrinu því nýr Lincoln Continental selst mjög vel enda þar mjög fagur bíll á ferð. Margir hafa heillast af útliti hans og heimsótt sýningarsali Lincoln í kauphugleiðingum en komist að því að sú útfærsla hans sem freistar er of dýr og fyrir vikið hafa margir þeirra keypt ódýrari gerðir Lincoln bíla.

### Continental er dýr

Þannig hefur Continental dregið til sín viðskiptavini sem í upphafi ætluðu ekki að kaupa minni gerðir Lincoln-bíla en endað á því að kaupa einhvern þeirra. Grunnútgáfa Lincoln Continental kostar 45.925 dollara en dýrasta og best búna gerð hans kostar heila 82.000 dollara. Margir þeir sem ætluðu að fjárfesta í Continental hafa endað á að kaupa MKZ fólksbílinn eða MKC jeppann. Sala Lincoln jókst um 3,2% á fyrstu 8 mánuðum ársins á tíma þar sem lúxusbílamarkaðurinn hefur staðið í stað á milli ára. Lincoln Continental selst líka mjög vel í Kína og hefur það hjálpað Lincoln mikið. Hjá sumum af sölustöðum Lincoln í Bandaríkjunum eru bílastæðin full af notuðum BMW 7-línu bílum sem kaupendur Lincoln Continental bíla hafa sett uppí kaupin.

# 10 bestu vélarnar

## Í fyrsta skiptið engin V8 vél og sjö þeirra með forþjöppu.

Íhvaða nýjum bílum skyldu 10 bestu vélar heims vera? Til að finna það út leggur bandaríski bílavefurinn WardsAuto.com á sig mikla vinnu á hverju ári og birtir í kjölfarið lista yfir þær 10 bestu að sínu mati. WardsAuto.com hefur gefið út þennan lista frá árinu 1995, eða í 22 ár. Þær vélar sem koma til greina á hverju ári þurfa annaðhvort að vera glænýjar eða að á þeim hafa verið gerðar umtalsverðar breytingar. Lagt er mat á afl þeirra, tog, eyðslu, tækni sem notuð er, hversu mikið og fagurt hljóð þær láta frá sér og þær bornar saman við vélar annarra framleiðenda með svipað sprengirými. Þetta er fyrsta árið sem engin af 10 bestum vélum ársins er V8 vél og segja má að 6 strokka vélar hafi leyst þær fagmannlega af hólmi. Af þessum 10 vélum er notast við forþjöppur í 7 þeirra og eiga þær greinilega stóran þátt í aflaukningu og minni eyðslu þeirra. Bílarnir sem vélar þessar eru í þetta árið eru eftirfarandi:

**BMW M240i** – 3,0 lítra og 6 strokka bensínvél með forþjöppu (335 hö.)
**Chevrolet Volt** – 1,5 lítra bensínvél sem hleður rafmagni á rafmótora bílsins (149 hö.)
**Chrysler Pacifica Hybrid** – 3,6 lítra og 6 strokka Pentastar V6 bensínvél (260 hö.)



**Ford Focus RS** – 2,3 lítra og 4 strokka bensínvél með forþjöppu (350 hö.)
**Honda Accord Hybrid** – 2,0 lítra og 4 strokka bensínvél (212 hö.)
**Hyundai Elantra Eco** – 1,4 lítra og 4 strokka bensínvél með forþjöppu (128 hö.)
**Infinity Q50** – 3,0 lítra og 6 strokka bensínvél með 2 forþjöppum (400 hö.)
**Mazda CX-9** – 2,5 lítra og 4 strokka bensínvél með forþjöppu (250 hö.)
Mercedes Benz C300 – 2,0 lítra og 4 strokka bensínvél með forþjöppu (241 hö.)
**Volvo V60 Polestar** – 2,0 lítra og 4 strokka bensínvél með forþjöppu og keflablásara (362 hö.)
Mynd: Vélin í Infinity Q50 er 400 hestöfl.

KYNNING:

# Reynast vel við íslenskar aðstæður

## Kraftvélar eru umboðsaðilar fyrir Iveco atvinnubíla sem hafa reynst einstaklega vel við íslenskar aðstæður.

Kraftvélar fóru nýverið að bjóða Iveco Daily atvinnubíla með Achleitner fjórhjóladrifi. Um er að ræða mjög öflugt fjórhjóladrif þar sem bílarnir eru með sídrifi og með millikassa og háu og lágu drifi. „Við finnum fyrir auknum áhuga á Iveco Daily með Achleitner fjórhjóladrifi, bílarnir eru með læsingum á millikassa og læsingum á fram- og afturdrifi. Auk þess sem þeir eru búnir undirvagnsvörn og sjö sentimetra upphækkun,“ segir Ívar Þór Sigþórsson, sölustjóri atvinnubifreiða hjá Kraftvélum. Í Achleitner fjórhjóladrifsútfærslunni er hægt að velja á milli þess að hafa Daily beinskiptan eða með átta gíra HI-MATIC sjálfskiptingu frá ZF.

„Við erum nú þegar með í pöntun og afhendingu Iveco Daily sendi-, pall- og flokkabíla með Achleitner fjórhjóladrifi,“ upplýsir Ívar. Hann segist finna fyrir því að viðskiptavinir þurfa á að halda atvinnubílum með öflugu fjórhjóladrifi. „Margir af okkar viðskiptavinum eru að nota bílana við mjög krefjandi aðstæður og í þeim tilfellum henta hefðbundnir eindrifs – og fjórhjóladrifsbílar ekki nægjanlega vel. Þar sem Achleitner drifkerfið er með millikassa og læsingum þá nýtast bílarnir viðskiptavinum okkar mun betur.“



Daily vinnuflokkabíll með Achleitner fjórhjóladrifi tilbúinn í átök.

Ívar nefnir í því sambandi að bæjarfélög eru að nota Iveco Daily bílana í snjómokstur. „Það eru rekstraraðilar sem þurfa að koma vöru og þjónustu til skila við allar aðstæður og þá skiptir máli að hafa sterkbyggða bíla með öflugan drifbúnað.“ Að sögn Ívars eru Iveco Daily einu bílarnir í sínum flokki sem byggðir eru á heilli grind og er hægt að fá þá í mjög fjölbreyttum útfærslum frá 3.500-7.200 kílóa heildarþyngd.



Iveco Daily er hægt að fá með allt að 6,2 m palli.



Daily sendibíll er í boði með allt að 19,6 rúmmetra flutningsrými.

KYNNING:

# Leiðandi á sínu sviði

## Næsta laugardag heldur Arctic Trucks stórsýningu í höfuðstöðvum sínum að Klettháls. Þar verða spennandi vörur kynntar, verkstæðið verður opið gestum og góð tilboð verða í versluninni.

Mikið verður um dýrðir í höfuðstöðvum Arctic Trucks næsta laugardag þegar stórsýning fyrirtækisins fer fram milli kl. 11 og 16 að Klettháls 3 í Reykjavík. Þar verður meðal annars frumsýndur nýr og endurbættur Toyota Landcruiser AT44 sem er á Nokian AT44 dekkjum og hlaðinn aukabúnaði.

Þetta er því sýning sem jeppa- og ferðaáhugafólk ætti ekki að láta fram hjá sér fara, segir Steinar Sigurðsson, sölustóri Arctic Trucks á Íslandi. Hann segir Arctic Trucks bjóða upp á staðlaða breytingapakka fyrir flestar gerðir 4x4 bíla og vinna náið með bílaumboðum þar sem viðskiptavinur getur gengið frá bílakaupum ásamt breytingapakka í einu. „Þrátt fyrir fjölbreytta starfsemi okkar snýr kjarnastarfsemi fyrirtækisins nú sem áður að breytingum á bílum. Í tæknideild okkar eru fjórir starfsmenn sem sjá um að hanna og staðla breytingapakkana fyrir viðskiptavini okkar. Þessir pakkar okkar eru raunar staðlaðir úti um allan heim þar sem við erum með starfsstöðvar, t.d. á Englandi, í Noregi og Dúbaí og einnig þar sem fyrirtæki vinna samkvæmt sérleyfi frá okkur, t.d. í Rússlandi, Póllandi, Suður-Afríku og víðar.“



Steinar Sigurðsson, sölustóri Arctic Trucks, og nýja 44 tommu dekkið sem fyrirtækið framleiðir í samvinnu við Nokian. MYND/EYÞÓR

### Nýtt og glæsilegt dekk

Á laugardaginn ætlar fyrirtækið m.a. að sýna nýtt 44 tommu dekk sem það framleiðir í samvinnu við Nokian en um er að ræða stærsta radíal jeppadekk í heimi. „Við höfum áður hannað og framleitt dekk með Nokian með góðum árangri og þessi dekk eru svakalega flott. Það er mikill akkur fyrir okkur, og sérstaklega ferðaþjónustuna, að fá svona stór og öflug dekk sem eru sérhönnuð með vetrarakstur í huga. Þau endast tvöfalt lengur en sambærileg dekk og koma negld frá Nokian. Naglarnir sitja mjög vel í dekkjunum og slitna með dekkinu niður, ólíkt öðrum dekkjum, þar sem þeir leggjast til hliðar og detta svo úr. Svona dekk eru sannarlega tilbúin í snjó- og ísakstur. Fyrsta sendingin af dekkjunum kláraðist á mettíma og næsta sending er nú þegar uppppöntuð.“

### Gæðamerki

Á sýningunni verða einnig til sýnis ýmsir spennandi bílar sem Arctic Trucks hefur smíðað síðustu mánuðina, svo sem AT38 útgáfur af Nissan Navara og Toyota Hilux, Iveco AT40 og fleiri glæsilegir bílar. „Við erum einnig umboðsaðilar fyrir Yamaha og hafa snjósleðarnir og fjórhjólin frá þeim verið vinsæl meðal landsmanna auk þess sem utanborðsmótorar frá sama merki hafa selst vel. Flestir sem kaupa vörur frá Yamaha kaupa þær aftur og aftur enda miklar gæðavörur.“

> Við höfum áður hannað og framleitt dekk með Nokian með góðum árangri.
>
> Steinar Sigurðsson

Arctic Trucks er einnig viðurkenndur þjónustuaðili fyrir allar gerðir Toyota-bíla, ekki bara jeppa. „Verkstæðið verður opið gestum á laugardag þar sem þeim býðst að skoða bíla sem eru í smíðum auk þess sem gestir geta gert frábær kaup á lagersölu. Vörur í versluninni verða á tilboðum og boðið verður upp á léttar veitingar.“

Nánari upplýsingar má finna á www.arctictrucks.is.




# BÍLAR

**KOSTIR OG GALLAR**
**VOLKSWAGEN POLO**

- FRAMHJÓLADRIF
- 1,0 LÍTRA TSI BENSÍNVÉL
- 95 HESTÖFL

**Eyðsla frá:** 4,6 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 105 g/km CO2
**Hröðun:** 7,2 sek.
**Hámarkshraði:** 187 km/klst.
**Verð frá:** 2.390.000 kr.
**Umboð:** Hekla

- Útlit
- Innanrými
- Aksturseiginleikar
- Hljóðlátur

- Útsýni gegnum framrúðu
- Plastnotkun í stokki milli framsæta

# Polo verður fullorðinn

Sjötta kynslóð Polo hefur stækkað, batnað, fríkkað og býðst nú í enn feiri útgáfum en áður. Polo verður í boði í GTI-útgáfu með 200 hestafla vél, en kemur þó síðar.

**Reynsluakstur**
**Finnur Thorlacius**
finnurth@365.is






Nýja týpan af Volkswagen Polo er nú stærri en fyrsta kynslóð af Golf sem þykir sláandi tíðindi. Nýja kynslóðin er átta sentimetrum lengri en forverinn.

Volkswagen Polo hefur verið í framleiðslu hjá Volkswagen síðan árið 1975 og hefur selst í yfir 14 milljónum eintaka. Eins og oft vill verða með nýjar kynslóðir bíla hefur Polo stækkað og er nú orðinn nokkru stærri bíll en fyrstu kynslóðir Volkswagen Golf. Polo lengist nú um 8 sentimetra, breikkar en lækkar þó til þaksins. Hjólhafið lengist þó meira en heildarlenging bílsins og er nú 9,2 cm lengra á milli hjóla. Skottrými Polo stækkar líka heilmikið, eða um 71 lítra. Einna athygliverðast með nýja kynslóð bílsins er að nú má fá hann með stafrænu mælaborði og minnist greinarritari ekki að slíkt sé fáanlegt í öðrum svo smáum bíl. Reyndar var fyrsti bíllinn sem undirritaður sá með stafrænu mælaborði lúxusbílinn Jaguar XJ fyrir um 7 árum, en sá fyrsti sem ekki telst til lúxusbíla Volkswagen Passat fyrir ríflega tveimur árum. Þetta er til marks um það að tækni sem þótti stefnumarkandi og sást fyrst í rándýrum lúxusbílum fyrir nokkrum árum er nú komin í smábíla. Annað óvenjulegt við Polo nú er að hann má fá með 300 vatta hljóðkerfi og telst það ekki heldur algengt fyrir smábíla að hugað sé svo vel að hljóðkerfinu.

## Átta vélarkostir

Það verður ekki annað sagt en Volkswagen hafi lukkast vel við endurhönnun Polo, hann er í raun hrikalega laglegur smábíll, nú með örlítið hvassari línum og sportlegri. Polo mun nú aðeins fást með 5 hurðum og 3 hurða útgáfan er horfin. Vélarúrvalið í Polo spannar allt frá 65 hestafla vél til 200 hestafla í GTI-útfærslu hans. Með 1,0 lítra vél má fá hann í 65, 75 og 95 hestafla útgáfum og sú öflugasta þeirra með forþjöppu. Seinna meir mun Polo bjóðast með 115 hestafla útgáfu með sömu 1,0 lítra vél. Allar 1,0 lítra vélarnar eru þriggja strokka. Þá verður einnig í boði 150 hestafla 1,5 lítra og fjögurra strokka vél. Vélin í tilvonandi GTI-útgáfunni verður 2,0 lítrar og 200 hestöfl og er sá bíll aðeins 6,7 sekúndur í hundraðið. Þá verður einnig í boði metanútgáfa Polo, 90 hestöfl og 1,0 lítra TGI-vél. Tvær dísilvélar eru í boði, báðar 1,6 lítrar og 80 og 95 hestöfl. Það verður því um mikið vélarúrval að ræða fyrir kaupendur Polo. Velja má milli beinskiptingar og frábærrar DSG-sjálfskiptingar.



Með allir þessari lengingu fæst skárra rými í skottinu.



Vélarúrvalið í Polo spannar allt frá 65 hestafla vél til 200 hestafla.



Hægt er að fá 300 watta hljóðkerfi í nýjustu kynslóð VW Polo.

## Mikið aukið innanrými

Með 8 cm lengri bíl og 9,2 lengra á milli hjóla hefur innanrými bílsins eðlilega aukist mjög mikið og fer nú hrikalega vel um aftursætisfarþega, sem og þá sem fram í sitja. Þegar komið er þó inn í bílinn vekur samt mesta kátínu að sjá TFT 8 tommu active info skjáinn fyrir miðju mælaborðsins sem leysir af hólmi takkager fyrri kynslóðar. Eins og títt er með Volkswagen-bíla er innréttingin bæði falleg, sérlega stílhrein og gerð úr vönduðum hráefnum. Allt virðist ferlega vel smíðað og sterklegt. Þessi innrétting á greinilega að endast og það gera þær vanalega í Volkswagenbílum. Eins og gríðarlegt vélarúrvalið þá má velja um 5 mismunandi gæði innréttingarinnar, allt eftir því sem menn tíma í slíkt og munar þar talsverðu í verði. Volkswagen Polo er furðu vel búinn bíll tæknilega og má nefna aðstoðarkerfi líkt og framskynjara með vöktun á gangandi vegfarendum, blindsvæðaskynjara og bílastæðahjálp, sem þó er valbúnaður. Upplýsinga- og afþreyingarkerfi eru líka til fyrirmyndar. Ef undan einhverju á að kvarta fannst mér útsýnið út úr framrúðunni skert, þaklínan of neðarlega og of fyrirferðarmiklir A-póstar. Einnig er plastnotkunin á stokknum milli framsætanna fremur fátækleg.

## Góður akstursbíll og hljóðlátur

Eins og við mátti búast er akstur nýs Polo fágaður og góður og í raun fannst mér alltaf eins og ekið væri á Golf, en það er ekki leiður samanburður. Bíllinn er þéttur og stífur, enda stífni yfirbyggingarinnar mikið aukin milli kynslóða. Fjöðrunin er afar vel stillt og það gleður mjög farþega hvað bíllinn er hljóðlátur. Mjög auðvelt er að fara hratt í beygjurnar á þessum Polo og hann hallar sér afar lítið til hliðar við það. Aksturseiginleikar þessa bíls eru afar hentugir til borgaraksturs og enn skemmtilegri er aksturinn ef flýta skal sér milli borgarhluta. Nýr Polo með mjög aukið hjólhaf er þó orðinn miklu hæfari bíll til aksturs í lengri ferðum og liggur eins og klessa á þjóðvegunum. Þessir góðu eiginleikar plús allt það ágæta rými sem nú finnst í Polo, fyrir bíl sem kostar á bilinu rúmar tvær milljónir til um þriggja milljóna eftir vélarkosti og innréttingu, hljómar bara ansi vel. Það að eiga smábíl, eins og Polo er skilgreindur, er ekki eins og að eiga smábíl hér áður fyrr. Akstur og hegðun þessa bíls býður upp á ekkert verri tilfinningu en í mörgum öðrum bílum í millistærðarflokki. Ekki slæmt það. Von er á nýjum Polo bráðlega í haust í Heklu.

# Vetrardekk fylgja öllum bílunum



**DACIA Duster.**

Skr. 05.2016,
ekinn 34 Þ.KM,

dísel, 6 gírar, dráttarbeisli.

**Verð 2.580.000.**

Rnr.101808.



**SUZUKI SX4 S-Cross GL.4x4.**

Skr. 07.2016,
ekinn 48 Þ.KM,

bensín, 5 gírar.

**Verð 3.250.000.**

Rnr.101803.



**SUZUKI Grand Vitara Premium.**

Skr. 06.2013,
ekinn 76 Þ.KM,

bensín, sjálfskiptur,
dráttarbeisli.

**Verð 3.350.000.**

Rnr.101794.



**FORD Mondeo Titanium.**

Skr. 06.2012,
ekinn 73 Þ.KM,

dísel, sjálfskiptur.

**Verð 2.490.000.**

Rnr.101384.



**VW Golf Comfort-line 4motion.**

Skr. 07.2015,
ekinn 74 Þ.KM,

dísel, 6 gírar.

**Verð 3.380.000.**

Rnr.101674.



**SUZUKI Grand Vitara Premium.**

Skr. 06.2015,
ekinn 55 Þ.KM,

bensín, sjálfskiptur.

**Verð 3.990.000.**

Rnr.101780.



**SUZUKI Grand Vitara XL-7.**

Skr. 10.2006,
ekinn 154 Þ.KM,

bensín, sjálfskiptur,
dráttarbeisli, 7 manna.

**Verð 1.250.000.**
Rnr.101793.



**HYUNDAI Getz.**

Skr. 07.2007,
ekinn 163 Þ.KM,

bensín, sjálfskiptur.

**Verð 590.000.**

Rnr.101604.



**HONDA CR-V Elegance.**

Skr. 12.2015,
ekinn 48 Þ.KM,

bensín, sjálfskiptur.

**Verð 4.250.000.**

Rnr.101748.



**HYUNDAI i20 Classic.**

Skr. 05.2014,
ekinn 46 Þ.KM,

dísel, 6 gírar.

**Verð 1.750.000.**

Rnr.101602.



**HYUNDAI i20 Classic.**

Skr. 06.2011,
ekinn 120 Þ.KM,

bensín, 5 gírar.

**Verð 890.000.**

Rnr.101651.



**VW Polo Trendline.**

Skr. 06.2013,
ekinn 73 Þ.KM,

bensín, 5 gírar.

**Verð 1.480.000.**

Rnr.101749.



**SUZUKI SX4 S-Cross GL 4x4.**

Skr. 07.2016,
ekinn 48 Þ.KM,

bensín, sjálfskiptur.

**Verð 3.550.000.**

Rnr.101768.



**SUZUKI Swift GL 4x4.**

Skr. 06.2015,
ekinn 43 Þ.KM,

bensín, 5 gírar.

**Verð 1.990.000.**

Rnr.101440.



**SUZUKI Jimny JLX.**

Skr. 06.2013,
ekinn 82 Þ.KM,

bensín, 5 gírar.

**Verð 1.690.000.**

Rnr.101779.



**SUZUKI Grand Vitara Premium.**

Skr. 06.2012,
ekinn 84 Þ.KM,

bensín, sjálfskiptur.

**Verð 2.750.000.**

Rnr.101784.



**SUZUKI Alto GL.**

Skr. 12.2014,
ekinn 39 Þ.KM,

bensín, 5 gírar.

**Verð 1.290.000.**

Rnr.101696.



**SKODA Octavia Ambiente Combi 4x4.**

Skr. 03.2013,
ekinn 89 Þ.KM,

dísel, sjálfskiptur,
dráttarbeisli.

**Verð 2.980.000.**
Rnr.101542.

SUZUKI

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

**Komdu og skoðaðu úrvalið**

# Tesla hættir framleiðslu Model S 75

Hjá Tesla hefur tekin ákvörðun um að hætta framleiðslu núverandi ódýrustu gerðar Model S bílsins, þ.e. Tesla Model S 75. Áfram verður hægt að panta Tesla Model S 75D bílinn en hann er fjórhjóladrifinn og kostar 74.500 dollara, en sá afturhjóladrifni kostaði 69.500 dollara. Síðasti mögulegi pöntunardagur á Model S 75 var 24. september. Einhverjir gárungar hafa bent á að þessi ákvörðun Tesla sé úthugsuð á þann veg

**» Tesla hefur áður hætt framleiðslu ódýrustu gerðar Model S bílsins.**

að gefa viðskiptavinum aðeins nokkra daga til kaupa á þessari ódýrustu gerð Model S til að hressa við sölutölurnar rétt fyrir lokun þriðja ársfjórðungs þessa árs. Með þeirri ákvörðun Tesla að hætta með einu afturhjóladrifnu útgáfu Model S stendur aðeins Model 3 bíllinn eftir með afturhjóladrifi. Tesla hefur áður hætt framleiðslu ódýrustu gerðar Model S bílsins, eða Model S 65, sem þá var með aflminnstu gerð rafhlaða sem í boði var þá í Model S. Frá því var Model S 75 með minnstu rafhlöðuna, en nú er það Model S 85 með 85kWh rafhlöðu.


Tesla bíll á fleygiferð.


Daimler fjárfesti utan Þýskalands.

## Benz fjárfestir í hleðslutækni

Daimler, móðurfyrirtæki Mercedes Benz, hefur fjárfest í ísraelska fyrirtækinu StoreDot sem er að þróa rafhlöður sem má fullhlaða á fimm mínútum. StoreDot hefur tekist að safna 6,4 milljarða fjárfestingum til þróunar þessara rafhlaða frá aðilum eins og Samsung og Roman Abramovitsj eiganda Chelsea og nú Benz. StoreDot kallar þessar byltingarkenndu rafhlöður FlashBattery og er þeim ætlað að leysa af hólmi lithium ion tæknina í framleiðslu rafhlaða. Mercedes Benz hefur þá trú að þessar nýju rafhlöður muni í komandi framtíð verða í rafmagnsbílum sínum. Daimler hefur ekki lagt í vana sinn að fjárfesta mikið utan heimalandsins Þýskalands og ætti það að sýna hve mikla trú fyrirtækið hefur á þessari nýju tækni StoreDot.


Dodge Charger

## Dodge Charger fær undirvagn Maserati Ghibli

Það er þekkt að bílafyrirtæki sem tilheyra sömu bílafjölskyldu noti sömu íhluti, svo sem undirvagna. Bæði Dodge og Maserati tilheyra Fiat Chrysler bílafjölskyldunni og þar á bæ hefur verið ákveðið að Dodge Charger muni fá sama undirvagn og er nú undir Maserati Ghibli bílnum. Til stóð reyndar að margir af bílum Fiat Chrysler Automobiles myndu fá undirvagninn frá Alfa Romeo Giorgio, en það verður ekki í tilfelli Dodge Charger. Bæði Dodge Charger og Challenger munu fá andlitslyftingu á núverandi kynslóð árið 2019 og ný kynslóð þeirra beggja verður kynnt árið 2021. Það verður þá sem Dodge Charger mun fá sama undirvagn og Maserati Ghibli bíllinn. Dodge Journey bíllinn mun fá sama undirvagn og Alfa Romeo Giorgio og mun hann koma á markað árið 2019 og verða framleiddur á Ítalíu og sá bíll mun fá sömu vélar og finnast núna í Alfa Romeo Stelvio sportjeppanum. Bílgerðum Dodge verður fækkað á næstunni og mun bílar eins og Dart og Viper hverfa af sjónarsviðinu.






## Hollur er sopinn

Kaffidrykkja eykur langlífi og bætir heilsuna. Þetta kemur fram í niðurstöðum nýrrar, stórrar rannsóknar þar sem úrtakið var 20 þúsund manns. Þeir sem drukku að minnsta kosti fjóra kaffibolla á dag voru 64 prósentum ólíklegri en þeir sem sjaldan eða aldrei drukku kaffi til að deyja ótímabærum dauða. Munurinn jókst eftir 45 ára aldur.

Niðurstöðurnar eru í samræmi við aðrar nýlegar rannsóknir sem sýna fram á að kaffidrykkja lengi lífið, og skiptir þá engu hvort kaffið inniheldur koffín eða ekki.

